

Sex tilboðsgjafar mótmæla um við útboðið og úrvinnslu

— Sigríður Helgadóttir, einn tilboðsgjafa, segist hafa undirritað mótmælabréfið án þess að lesa það. Hún segir einnig að

Ísafjarðarbær hefur hand-salað samning við forsvarsmenn fyrirtækisins Allrahanda/Ísferðir ehf., um fólksflutninga á leiðunum Þingeyri - Ísafjörður, Flateyri - Ísafjörður og Suðureyri - Ísafjörður og hefur fyrirtækið þegar hafið akstur á leiðunum. Tíu aðilar buðu í aksturinn, sem samkvæmt útboði hljóðaði upp á tvær ferðir á dag til og frá hverjum framangreindra staða. Sex tilboðsgjafar í aksturinn hafa ritað forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, Magneu Guðmundsdóttur, bréf, þar sem vinnubrögðum sem viðhöfð voru vegna útboðsins og úrvinnslu útboðsgagna, er harðlega mótmælt. Tilboðsgjafarnir sex, þau Friðfinnur Sigurðsson og Sigríður Helgadóttir á Þingeyri, Halldór Mikkaelsson frá Breiðadal og Guðni Jóhannesson,

Hannes Kristjánsson og Sófus Magnússon á Ísafirði, telja að fyrirfram hafi verið búið að gera samkomulag við Allrahanda um aksturinn, og að það samkomulag hafi verið gert á fundi sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Kristján Þór Júlíusson, átti ásamt tveimur bæjarfulltrúum, þeim Þorsteini Jóhannessyni og Jónasi Ólafssyni, í samgönguráðuneytinu, þann 2. september síðastliðinn.

Sexmenningarnir telja að sá samningur sé tilkominn vegna þess að Allrahanda var með fullgilda umsókn á sérleyfi innan Ísafjarðarbæjar, og vegna þess að umsókn Ísafjarðarbæjar um sama sérleyfi hafi borist ráðuneytinu átján dögum of seint. „Eftir þeim upplýsingum sem undirritaðir hafa, hótandi Allrahanda skaðabótamáli ef þeir fengu

ekki sérleyfið. Ráðuneytið sá sig knúð til að koma á sáttum milli aðila eftir að undirskriftarlisti frá Þingeyri barst ráðuneytinu í hendur, þar sem fullt var að þjónusta Allrahanda hefði engin verið á sérleyfinu undanfarin ár. Niðurstaðan er augljós. Ráðuneytið sleppur við skaðabótamál, Ísafjarðarbær fær sérleyfið, og Allrahanda fær aksturinn í eitt ár. Þannig teljum við að þetta hafið gengið fyrir sig, og hefur einn bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins sem við var rætt, ekki þrætt fyrir að svona hafi að málinu verið staðið,” segir í bréfi sexmenninganna til forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Í bréfinu segir einnig: „Að þessu framansögðu þurfa menn ekki að furða sig á því af hverju lögstu tilboðum er ekki tekið, heldur samið við

Allrahanda á grundvelli sértilboðs þeirra sem er u.þ.b. 138 þúsund krónum hærra á mánuði. Það eitt eru furðuleg málalok að engum tilboðsgjafa, öðrum en Allrahanda, var gefinn kostur á að ræða við nefndarmenn um tilboð sín.” Í lok bréfsins skora sexmenningarnir á bæjarfulltrúa að hafna samningsdrögum við Allrahanda og ganga til samninga við lögstjórnendur.

Auk sexmenninganna og Allrahanda, bauð Elías Sveinsson á Ísafirði og Sævar Gunnarsson á Þingeyri í verkið. Sævar Gunnarsson bauð aðeins í akstur milli Þingeyrar og Ísafjarðar og hljóðaði tilboð hans upp á kr. 79 þúsund á viku eða kr. 316 þúsund krónur á mánuði. Sigríður Helgadóttir á Þingeyri bauð einnig í akstur á sömu leið og hljóðaði tilboð hennar

upp á kr. 45.865 á viku eða kr. 183.460 á mánuði. Friðfinnur S. Sigurðsson á Þingeyri bauð 57 þúsund krónur á viku í aksturinn milli Þingeyrar og Ísafjarðar eða 228 þúsund krónur á mánuði, Sófus Magnússon á Ísafirði bauð kr. 72.800 á viku eða kr. 291.200 á mánuði og Elías Sveinsson á Ísafirði bauð 110 þúsund krónur á viku eða 440 þúsund krónur á mánuði.

Á leiðinni Flateyri - Ísafjörður, bauð Hannes Kristjánsson á Ísafirði 45 þúsund krónur á viku eða 180 þúsund krónur á mánuði, Sófus Magnússon bauð kr.30.800 á viku eða kr. 123.200 á mánuði, Halldór Mikkaelsson bauð kr. 28.800 á viku eða kr. 115.200 á mánuði og Elías Sveinsson bauð kr. 28.800 á mánuði eða kr. 115.200 á mánuði í aksturinn milli Flateyrar og Ísafjarð-

ar. Á leiðinni milli Suðureyrar og Ísafjarðar bauð Hannes Kristjánsson kr. 42.500 á viku eða kr. 170 þúsund á mánuði, Ferðapjónusta Margrétar og Guðna ehf., sem séð hefur um flutningana á þessari leið til þessa, bauð kr. 34.250 á viku eða 137 þúsund krónur á mánuði og Elías Sveinsson bauð 48 þúsund krónur á viku eða 192 þúsund á mánuði.

Elías bauð einnig í akstur á leiðinni Þingeyri, Flateyri, Ísafjörður og hljóðaði tilboðs hans upp á 120 þúsund krónur á viku eða 480 þúsund krónur á mánuði. Allrahanda/Ísferðir ehf., sendu inn tvö tilboð í fólksflutningana Annað hljóðaði upp á tvær ferðir á dag milli allra þriggja staðanna og var upp á kr. 197.500 á viku eða kr. 790.000 á mánuði. Hitt tilboðið, sem var frávikstilboð, hljóðaði upp á

Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður skrifar um aukningu á aflakvóta hj

Tækifæri til aukinnar f

Afli krókabáta verður æ þýðingameiri hér á Vestfjörðum. Lagabreytingar þær sem gerðar hafa verið á starfsumhverfi þessa hluta fiskveiðiflotans eru til þess fallnar að styrkja stöðu hans, eins og þegar hefur komið á daginn. Í þessu sambandi ber sérstaklega að minnast samkomulags sem sjávarútvegsráðherra og Landssamband smábátæigenda gerðu í fyrra og Alþingi lögfesti orðrétt á síðasta þingi.

Með þeirri lagasetningu var það í fyrsta skipti tryggt að aflahlutur krókaveiðibátanna fylgdi þeirri aukningu sem verður í aflaheimildum. Þannig gera lögin einfaldlega ráð fyrir því að þessir bátar fái í sinn hlut 13,9 prósent þorskaflans, sem skiptir auðvitað sköpum fyrir þessa báta og þau byggðarlög sem byggja sitt á veiðum þeirra.

Útgerðarstaðir sem misst hafa kvóta

Mörg byggðarlög, meðal annars hér á Vestfjörðum, hafa misst miklar aflaheimildir í kvótakerfinu. Á það var réttléga bent af mörgum að þessum byggðarlögum gagnaði það lítið þó leyft yrði að auka þorskaflann. Þeirra hlutur sæti jafnt eftir, af því að lítið kvóti væri til staðar. Við vitum að margir útgerðarstaðir sem þannig er ástatt um hafa verið að byggja upp mikinn flota krókabáta, sem hafa því verið vörn þeirra gegn kvótamissinum. Nú blasir það við að einmitt þessir útgerðarstaðir munu njóta aukinna þorskaflaheimilda vegna þess að krókaleyfishópurinn fær í sinn hlut 13,9% af heildarþorskaflanum næstu árin.

Þýðing krókaleyfisflotans

fyrir vestfirskar byggðir kemur sérstaklega vel í ljós þegar við skoðum þær tölur sem Fiskistofa tók saman að minni beiðni um landaðan afla krókabáta og aflamarksbáta á Vestfjörðum fyrir fiskveiðiárin 1995/96 annars vegar og 1996/97 hins vegar. Þessar tölur leiða ýmislegt afar athyglisvert í ljós.

Þrjár athyglisverðir þættir

Í fyrsta lagi: Þorskafla krókaleyfisbátanna er farinn að verða mjög svipaður og hjá aflamarksbátunum. Landaður þorskafla krókaleyfisbátanna hér á Vestfjörðum jókst um heil 5 þúsund tonn, eða úr 8.427 tonnum í 13.386 tonn á milli fiskveiðiáranna. Á sama tíma dróst landaður þorskafla aflamarksbáta saman um 2.700 tonn eða úr 17.906 tonnum í 15.213 tonn.

Í öðru lagi: Ef við skoðum



Einar K. Guðfinnsson.

einstakar verstöðvar þá kemur í ljós að ýmsar þeirra gera mun meira en að bæta sér upp minni kvóta með stóru auknum löndunum krókaleyfisbáta, svo sem sjá má með því að líta á meðfylgjandi töflur.

Í þriðja lagi: Eftirtektarverður er mjög mikill ýsu og steinbítsafla krókaleyfisbáta sem landa á Suðureyri og kemur ekki á óvart. Eins og menn vita þá lögðu smábátasjómenn á Suðureyri sig sérstaklega eftir ýsu og raunar

steinbít á liðnu sumri og í fyrrasumar, með því að beita nýrri átuloðnu, með mjög góðum árangri. Sárálítill þorskur kom á línuna, en þeim mun meira af ýsu og steinbít. Krókaleyfisbátarnir þar lönduðu 414 tonnum af ýsu hvort árið. Steinbítsafla þeirra nam 664 tonnum í fyrra og 594 tonnum síðast liðið fiskveiðiár.

Gríðarleg tækifæri

Af þessum tölum má auðvitað draga margs konar lærdóm. Eitt tel ég sérstaklega ástæðu til þess að á rétta og leggja áherslu á. Í krókaleyfisafslanum felast gríðarleg tækifæri, sem við verðum að hagnýta okkur til vinnslu og atvinnusköpunar á svæðinu. Allt of stór hluti þessa afla fór til vinnslu annars staðar. Þó vita allir að nálægðin við miðin og þetta mikla aflaframboð

hefur margvíslega yfirburði. Úr því að fiskverkunarstöðvar vítt og breitt um landið geta nýtt sér þennan afla, hljóta að felast í honum enn frekari tækifæri fyrir okkur.

Njótum nálægðarinnar

Svo er það eitt enn. Þessar tölur sýna okkur auðvitað og sanna gildi þess að fá að njóta nálægðarinnar við miðin og þeirra staðarkosta sem fólgnir eru í því. Fyrir vikið sækja hingað bátar sem hafa hagsmuni af því að nýta sér það sem best að stutt er úr höfn og á miðin. Eftir því sem þrengist um dagabátana er líklegt að þetta verði enn þýðingarmeira, eins og margir trillukarlar hafa nefnt við mig upp á síðkastið.

Þess vegna er sérstök ástæða til þess fyrir okkur Vestfirðinga að hyggja vel að þessum málum. Við segjum

Þingeyri, Flateyri og Suðureyri til Ísafjarðar

Um vinnubrögð útboðsgagna

Því séu nokkur atriði sem ekki er hægt að standa við



Allrahanda mun sjá um fólksflutninga milli Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar og Ísafjarðar.

140 þúsund krónur á viku eða 560 þúsund krónur á mánuði. Í því tilboði er gert ráð fyrir þremur ferðum á dag til staðanna þriggja, á morgnana, um miðjan dag og síðdegis. Hvað varðar miðdegisferðina, þá er í samkomulaginu gert ráð fyrir að sú ferð verði ekki farin nema að farþegar séu fyrir hendi.

„Ég veit ekki hver samdi

þetta bréf. Ég skrifaði undir það án þess að lesa það vel yfir. Ég tel það ranga ályktun, eins og segir í bréfinu, að fyrirfram hafi verið búið að gera samkomulag við Allrahanda. Sömu sögu er að segja af þeirri málsgrein í bréfinu þar sem sagt er að einn bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins hafi ekki þrætt fyrir að svona hafi verið staðið að málum.

Ég tel að þarna sé verið að búa til eitthvað. Ég skrifaði undir bréfið á þeim forsendum að ég tel mig hafa átt hagstæðara tilboð en Allrahanda. Það verður bara að segjast eins og er að ég las ekki nógu vel yfir bréfið áður en ég undirritaði það,” sagði Sigríður Helgadóttir, einn sex menninganna í samtali við blaðið.

Á vestfirskum krókabátum

Fiskvinnslu?

stundum að sjávarútvegurinn sé okkar stóriðja. Við vitum að sóknarfærin eru óteljandi í

þeirri atvinnugrein. Það á ekki síst við hinn mikla afla krókaleyfisbáta sem berst á land á

Vestfjörðum.

Einar K. Guðfinnsson
alþingismaður.

Afla landað á Vestfjörðum fiskveiði-árin 1995/1996 og 1996/1997

Hafnar-Heiti hafnar númer	Þorskur - krókabátar		Þorskur - aflamarksb.		
	1995/1996	1996/1997	1995/1996	1996/1997	
55	Brjánslækur	188.717	284.119	0	0
56	Haukabergsvaðall	76.029	138.205	0	0
57	Patreksfjörður	2.205.452	3.120.165	3.376.277	2.369.329
59	Tálknafjörður	1.433.704	2.554.431	1.555.874	1.125.353
61	Bíldudalur	151.634	419.732	325.172	149.297
63	Þingeyri	315.298	443.623	566.382	292.998
65	Flateyri	572.732	410.354	2.828.200	2.755.892
67	Suðureyri	1.216.314	2.694.248	769.352	269.258
69	Bolungarvík	1.054.331	1.576.621	1.797.245	2.855.920
73	Ísafjörður	366.229	391.252	6.382.806	4.753.708
75	Súðavík	0	0	1.353	40.259
77	Norðurfjörður	187.773	328.222	4.754	0
79	Dranganes	153.980	31.585	5.232	614
81	Hólmavík	504.506	993.584	293.352	600.533
	Samtals	8.426.699	13.386.141	17.905.999	15.213.161

Athugasemdir þriggja bæjarfulltrúa

Vegna ummæla fjármálastjóra Básafells

Hér á eftir fer athugasemdir við ummæli fjármálastjóra Básafells hf. um sölu Norðurtangans og ummæli sem höfð eru eftir framkvæmdastjóra Þróunarsjóðs Sjávarútvegsins Hinriki Greipssyni í BB þann 24. september s.l.

Undirritaðir bæjarfulltrúar vilja að eftirfarandi komi skýrt fram, hvað varðar þau ummæli fjármálastjóra Básafells hf., þar sem hann fullyrðir að bæjarstjórn hafi nákvæmlega vitað um hvaða hús var um að ræða, viljum við benda honum á eftirfarandi:

1) Undirritaðir bæjarfulltrúar höfðu enga hugmynd um fyrirhuguð kaup á húsnæði Norðurtangans og fullyrðingu fjármálastjóra um annað vísu við heim til föðurhúsanna.

Þegar stefnumótunartilögur fræðslunefndar voru samþykktar þann 5. júní í bæjarstjórn var rætt um að flytja gamla barnaskólann og uppkaupa Aðalstræti 32, enda tölu fulltrúar rétt að kanna þá leið, sem valin var fyrir nokkrum árum, þ.e.a.s. að byggja grunnskólann upp við Austurveg - Aðalstræti - Skólagoðu.

Ekki var á þessum bæjarstjórnarfundum minnst auka teknu orði á aðrar hugmyndir, af hálfu eins einasta bæj-

arfulltrúa.

2) Kauptilboð í húseignir Básafells að Sundstræti voru lagðar fram á fundi bæjarráðs þann 16. júní, með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar. Bæjarráð vísar erindinu til næsta bæjarstjórnarfundar, með ósk um samþykki.

3) Bæjarstjóri mætir á fundi fræðslunefndar þann 24. júní s.l. (tveimur dögum fyrir næsta bæjarstjórnarfund) og gerir nefndinni grein fyrir umræddu kauptilboði í húseignir Norðurtangans. Fræðslunefnd samþykkir í kjölfar þeirra upplýsinga að láta gera úttekt á umræddu húsnæði.

4) Á fundi bæjarstjórnar 26. júní var erindinu frestað með 11 samhljóða atkvæðum. Bæjarfulltrúar gerðu ekki aðrar athugasemdir á þessu stigi málsins, þar sem þeim var tjáð að með kauptilboðinu væri einungis verið að tryggja hlutdeild bæjarsjóðs, meðan kannað yrði hvort húsnæðið hentaði og væri fjárhagslega hagstætt, þar sem margir væru hugsanlega um kaupin.

Fulljóst að ekki var fullur vilji fyrir kaupunum

Hvað varðar þau ummæli, sem höfð eru eftir Hinriki Greipssyni, að hann sé hissa á málsmeðferð Ísfirðinga í þessu máli þ.e. viðskiptum við þróunarsjóðinn.

„Hinrik segir jafnframt að varla séu fordæmi við öðru eins í samskipum við sjóðinn, sérstaklega þegar haft sé í huga, að í sumar sem leið hafi það nánast verið talið formsatriði að fá samþykki bæjarstjórnar fyrir kaupunum. Í það minnsta hafi málið verið kynnt þannig fyrir Þróunarsjóði af hálfu stjórnenda Básafells.”

Þegar bæjarstjórn frestar afgreiðslu kauptilboðsins þann 26. júní var þó fullljóst að ekki var fullur vilji innan bæjarstjórnar fyrir kaupum á húsnæði Norðurtangans. Okkur undirrituðum sem sitjum í meirihluta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, finnst það ákaflega furðulegt að opinber sjóður skuli taka ummæli stjórnenda fyrirtækis, sem hefur hagsmuna að gæta, sem fullgilda skuldbindingu fyrir hönd sveitarfélags og greiða því úreltingu húsanna, þegar fyrir lá í fundargögnum bæjarstjórnar, að ekki var samþykki fyrir kaupunum.

Sveitarstjórnarlög kveða á um annað og bendum við þar á 80. gr. VIII. kafla um fjármál sveitarfélaga.

Jónas Ólafsson D-lista,
Kolbrún Halldórsdóttir D-lista,
Sigurður R. Ólafsson A-lista.

Fyrirsagnir og milli-fyrirsögn eru blaðsins.

HR HELENA
RUNBINSTEIN

Kynning

Snyrtifræðingur verður í versluninni föstudaginn 10. október frá kl. 10:00 til kl. 17:00 og kynni nýju vetrarlitina frá Helena Rubinstein, ásamt öðrum nýjungum.

10% kynningar afsláttur af
Helena Rubinstein vörum

KRISMA
Ljóninu Skeiði
☎ 456 4414

Skyldunotkun fyrir alla yngri en fimmtán ára



Sólrún Guðbjörnsdóttir, 11 ára, segir að sumum finnst flott að vera með hjálm, en öðrum finnst það þúkalegt.

Samkvæmt nýjum reglum sem tóku gildi fyrir viku, er börnum og unglungum yngri en fimmtán ára, nú skylt að nota hlífðarhjálma við hjólreiðar. Alvarleg slys í umferðinni að undanföngu hafa leitt til umræðu um notkun hjálma. Tólf ára drengur sem varð fyrir bíl í Reykjavík lést vegna höfuðáverka og fjórtán ára piltur liggur þungt haldinn á sjúkrahúsi eftir slys í Kópavogi. Báðir voru drengirnir á hjólum, en hvorugur með hjálma. Rétt notkun hjálma hefði í þessum tilfellum mögulega getað komið í veg fyrir svo alvarlega áverka.

Yngri börn nota hjálma frekar en þau sem eldri eru, en svo virðist sem það þyki heldur hallærislegt að bera hjálm við hjólreiðar eftir að 12-13 ára aldri er náð. BB hitti þrjár hressar stelpur á Ísafirði og kannaði hug þeirra til notkunar hjálma og hvað þeim finnst um nýju reglurnar:

Sumir segja að það sé svo þúkalegt að nota hjálm

Sólrún Guðbjörnsdóttir, 11 ára, varð á vegi BB niður á höfn, daginn sem nýju reglurnar tóku gildi. Hún var á hjóli, en bar ekki hjálm. „Ég nota yfirleitt alltaf hjálm, en ég fékk hjólið lánað hjá frænda mínum af því að ég þurfti að skreppa aðeins niður í Neðsta. Jú, ég veit um nýju reglurnar og ég ætla að passa mig á því að nota hjálminn alltaf núna.“

- Nota krakkar hérna á Ísafirði yfirleitt hjálma?

„Það eru ekkert margir sem nota hjálma. Það segja margir að það sé svo töff að vera ekki með hjálm. Sumir segja að það sé flott, en aðrir að það sé svo þúkalegt. Mér finnst bara allt í lagi að vera með hjálm,“

sagði Sólrún. Hún segir að yngri krakkar séu oftast með hjálm, en krakkar sem eru aðeins eldri en hún noti þá síður. Henni finnst að allir, bæði fullorðnir og börn, eigi að nota hjálma.

Fullorðnir eiga líka að nota hjálma

Thelma Björk Guðmundsdóttir og Brynja Huld Óskarsdóttir eru 10 ára og voru á hjólum og báðar með hjálma. „Ég hef notað hjálm alveg frá því að ég fékk mitt fyrsta hjól þegar ég var svona þriggja ára,“ sagði Thelma. Stúlurnar settu hjólin sín inn þegar fór að snjó á dögnum, en

tóku þau aftur í notkun þegar sólin fór að skína á ný. Þær sögðust báðar vita um nýju reglurnar - þær hefðu lesið um þær í blöðunum og litist mjög vel á þær.

- En eru allir krakkar eins duglegir og þær að nota hjálma?

„Sumir strákarnir nota aldrei hjálma og ein vinkona okkar sömuleiðis. Eldri krakkar eru aldrei með hjálma og við höfum aldrei séð unglunga með hjálma heldur. Það er örugglega af því að þeim finnst það ekki flott, eða eitthvað,“ sögðu stúlurnar.

Brynja segir að einu sinni hafi foreldrar hennar tekið af



Brynju Huld Óskarsdóttur og Thelmu Björk Guðmundsdóttur, 10 ára, finnst að fullorðnir eigi líka að nota hjálma.

PIZZA 67 **Pantanasíminn er 456 3367** **PIZZA 67**

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
 HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Engjavegur 23: 145 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 12.500.000,-

Hafraholt 14: 144,4 m² raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 8.900.000,-

Hjallavegur 19: 242 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 12.700.000,-

Hlíðarvegur 38: 183,2 m² raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-

Hlíðarvegur 43: 186 m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 9.800.000,-

Hlíðarvegur 48: 146,4 m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög falllegt útsýni. Verð: 6.500.000,-

Hrannargata 4: 257,6 m² einbýlishús á 3 hæðum ásamt geymslum, skúr og kjallara. Skipti á minni eign möguleg. Tilboð.

Hreggnasi 2: 127 m² gamalt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt viðbyggingu. Verð: 4.900.000,-

Lyngholt 8: 138 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 31 m² bílskúr. Nýtt parkett ný málað. Skipti á eign í Hafnarfirði. Verð: 10.800.000,-

Miðtún 31: 190 m² endaraðhús-norðurendi á tveimur hæðum. Tilboð óskast.

Mjallargata 8: 117,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Laust strax. Verð: 7.400.000,-

Seljalandsvegur 48: 188 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á öðrari eign. Verð: 12.700.000,-

Skipagata 11: 78,4 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. Verð: 4.500.000,-

Stakkanes 4: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti möguleg á íbúð á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-

Stakkanes 6: 144 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-

Urðarvegur 13: 85 m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Verð: 5.500.000,-

Urðarvegur 26: 236,9 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

Urðarvegur 27: 190,5 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stór sólpallur og ræktuð lóð. Verð: 13.500.000,-

Urðarvegur 58: 209 m² raðhús á 3 pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Góð kjör. Öll tilboð skoðuð. Verð: 12.500.000,-

Stórholt 7: 116 m² 4ra herb. íbúð á 3. hæð t.h. í fjölbýlishúsi. Verð: 7.000.000,-

Stórholt 7: 76 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-

Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-



Silfurgata 9: 150 m² einbýlishús (4ra herb.) ásamt geymslu, kjallara og skúr. Nýmálað. Öll tilboð skoðuð. Verð: 7.800.000,-

Mikið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.500.000,-

Fjarðarstræti 4: 120 m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Skipti á minni eign á Eyrinni. Verð kr. 6.500.000,-

Hafnarstræti 6: 158 m² 6 herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýli auk 2ja herbergja í risi. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 7.500.000,-

Hjallavegur 8: 128,5 m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Íbúðin er laus 1. janúar 1998. Verð: 6.900.000,-

Hjallavegur 12: 113,9 m² 3-4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 5.500.000,-

Pólgata 4: 136 m² 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þríbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-

Sólgata 5: 102 m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-

Stórholt 11: 103 m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Íbúðin er laus. Verð: 7.800.000,-

Stórholt 13: 103 m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 7.900.000,-

Tangagata 20: 70 m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 3.500.000,-

Túngata 12: 99 m² 4ra herbergja íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti möguleg. Verð: 7.900.000,-

Túngata 12: 98,9 m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 6.700.000,-

Túngata 18: 89,2 m² 4ra herbergja íbúð í góðu standi á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Húsið allt uppgerð. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 6.900.000,-

Urðarvegur 45: 131,2 m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 7.500.000,-

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 32: 86 m² íbúð á efri hæð í fjölbýlishúsi ásamt sameiginlegum kjallara. Verð: 3.500.000,-

Engjavegur 17: 61,7 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Sér inngangur. Íbúðin er nýmálað. Verð: 4.600.000,-

Fjarðarstræti 38: 70 m² 3ja-4ra herbergja íbúð á rishæð ásamt geymslum. Íbúðin er mikið endurgerð. Verð: 4.000.000,-

Pólgata 6: 55 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt herb. í kjallara, innangengt úr íbúð. Sér inngangur. Tilboð óskast.

Pólgata 6: 52 m² risibúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu í kjallara. Mikið endurnýjað. Verð: 3.000.000,-

Seljalandsvegur 67: 107 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-

Stórholt 9: 74,6 m² íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-

Stórholt 11: 80 m² íbúð á 3. hæð t.h. í fjölbýlishúsi. Laust strax. Verð: 5.900.000,-

Stórholt 11: 80 m² íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-

Stórholt 11: 72,6 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

Urðarvegur 80: 82 m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 6.000.000,-

2ja herbergja íbúðir

Grundargata 2: 50,5 m² íbúð á fyrstu hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 3.800.000,-

Sundstræti 24: 69 m² íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi. Sér hiti, rafmagn og inngangur. Mikið uppgerð. Verð: 4.900.000,-

Túngata 12: 62 m² íbúð í kjallara í þríbýlishúsi. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 3.900.000,-



Túngata 20: 74,9 m² íbúð í uppgerðu fjölbýlishúsi. Íbúðin öll uppgerð. Laus fljótlega. Tilboð óskast. **Einnig:** 53,4 m² íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið er nýlega gert upp að utan. Verð: 5.400.000,-

henni hjólið í smá tíma, vegna þess að hún notaði ekki hjálm. Thelma segir að hún fái ekki að fara út að hjóla nema að vera með hjálm og að eftir að foreldrar hennar hafi heyrt um drenginn sem lést í hjólreiðaslysi á dögunum, séu þau enn strangari en áður, hvað þessa reglu varðar.

„Okkur finnst að fullorðnir eigi líka að nota hjálma, ekki bara börn,“ sögðu stúlkurnar.

Að nota hjálm og nota hjálm rétt, er tvennt ólíkt

Rétt notkun hjálma er mjög mikilvæg. Ekki er nóg að skella hjálminum á höfuðið og rjúka af stað. Hjálmurinn þarf að sitja rétt á höfðinu og vera tryggilega festur. Ýmis efni geta haft áhrif á öryggisgildi hjálms, t.d. getur límími á hjálmi dregið úr höggþoli hans. Hér á eftir fara nokkrar þarfær ábendingar varðandi rétta notkun og umhirðu hjálma:

1. Hjálmurinn má ekki sitja of aftarlega því þá ver hann ekki ennið sem skyldi.
2. Hjálmurinn á að sitja það þétt að hann hvorki detti af né skekkist þegar á reynir.
3. Böndin eiga að vera rétt stillt. Aftara bandið skal stillt á móti fremra bandi, þannig að eyrað lenti í miðju V-forminu sem böndin mynda.
4. Hvorki má líma merki á hjálminn né mála hann, því þá getur höggþolið minnkað og haft áhrif á viðnám hjálmsins lenti hann í götunni.
5. Hjálminn má aðeins hreinsa með vatni og sápu, en ekki með uppleysandi efnum svo sem þynni og bensíni. Slík efni gætu eyðilagt ysta lag hjálmsins.
6. Hjálminn má ekki nota í leiktækjum, því hann getur fest í tækjunum.

Hjálmur er höfuðatriði

Miðvikudaginn 1. október tóku gildi reglur nr. 525 um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar barna. Þeim er ætlað að gilda í tvö ár, til 1. október 1999. Samkvæmt reglunum er barni yngri en 15 ára skylt að nota hlífðarhjálm við hjólreiðar. Þetta þýðir að öllum börnum, sem eru 14 ára og yngri, er skylt að hafa hjálm á höfði þegar þau hjóla. Lögreglunni er skylt að vekja athygli barna á þessari skyldu. Best er auðvitað að, lögreglan þurfi ekki að skipta sér af hjálmlausum börnum á hjólum. Þess vegna er skorað á öll börn og unglínga, og auðvitað fullorðna líka, að nota alltaf hjálm. Gleymið ekki höfuðatriðinu, hjálminum, þegar þið farið út að hjóla. Alvarleg slys að undanförmu segja okkur það, að hjálmurinn er mikið öryggisatriði. Hann getur dregið verulega úr meiðslum. Höfuðið er viðkvæmt og við eigum að passa það vel. Heilinn er stjórnþæki mannslík-

amans og við vitum öll að hann er í höfðinu. Brotni það, getur farið mjög illa. Munið, að þið farið verst út úr því sjálf að nota ekki hjálm. Það er nóg að detta af hjóli til þess að slasast illa. En hvað getur lögreglan gert? Hún mun fylgjast vel með og áminna börn og unglínga. Ef áminningar virka illa kemur til greina að færa börn og unglínga á lögreglustöð, ásamt hjólinu, og hafa svo samband við foreldra. Um leið og þau sækja hjólið og hjólreiðamanninn er hægt að vekja athygli allra á skyldunni. Hinu má ekki gleyma, að sá tími ársins er að renna upp að bezt er að leggja hjólinu fyrir veturinn. Undirritaður hefur notað hjálm við hjólreiðar í sex ár, eða frá því hann byrjaði aftur að hjóla. Það venst strax og er í raun nokkuð þægilegt ef hjálmur og festingar eru rétt stilltar. Notið hjálminn! Hann er höfuðatriði og ódýr vörn gegn slysum.

Ólafur Helgi Kjartansson.



Greinarhöfundur hefur notað hjálm við hjólreiðar í sex ár, eða frá því hann byrjaði aftur að hjóla.

Hálfðáni Gíslasyni, 18 ára Bolvíkingi boðið að æfa með ÍA og ÍBK

Tekur hugsanlega boði Skagamanna

Bolvíkingurinn Hálfðán Gíslason, sem þótt hefur einn efnilegasti leikmaður UMFB í knattspyrnu undanfárin ár, mun að öllum líkindum ganga til liðs við ÍA á Akranesi um næstu áramót. Hálfðán sem er 18 ára, fékk boð bæði frá Keflvíkingum og Akurnesingum um að koma og kynna sér aðstæður hjá liðunum, sem og hann gerði. Í kjölfarið hafa bæði liðin boðið honum að æfa með meistaraflokkum félaganna og er Hálfðán að hugsa málið þessa dagana. Hann sagði í samtali við blað-

id, að líklega yrði Akranes fyrir valinu hjá honum. „Ef til vill hefur einhver bent þessum félögum á mig, eða að þau hafa fylgst með 4. deildinni í sumar þar sem ég lék með Bolvíkingum. Mér hefur ekki verið boðinn samningur, en bæði liðin hafa boðið mér að æfa með þeim. Ég hugsa að ég skipti um skóla um áramótin, fari í Fjölbrotarskólann á Akranesi og æfi með Skagamönnum,“ sagði Hálfðán, sem nú stundar nám við Framhaldsskóla Vestfjarða. „Mér leist mjög vel á

allt hjá Skagamönnum og ég hugsa að það verði betra upp á framtíðina að gera, að fara til þeirra. Ég á eftir eitt ár í 2. flokki þannig að ég get stílað inn á það að spila með 2. flokki og æfa með meistaraflokki.“ Aðspurður um hvort hann ætlaði þá að skilja Bolvíkinga eftir á köldum klaka, sagði Hálfðán. „Ég verð víst að gera það. Maður verður að hugsa dálítið um sjálfan sig. Annars veit ég ekkert hvernig þetta verður hjá Bolvíkingum á næsta ári,

hvort þeir verða með lið, eða hvað.“ Hálfðán hefur að undanförmu tekið þátt í Haustmóti Knattspyrnuráðs Reykjavíkur, en frammistaða leikmanna þar er höfð til hliðsjónar þegar valið verður í landslið Íslands sem skipað er leikmönnum undir 18 ára aldri. Eftir leiki við Fjölni og Fylki var Hálfðán valinn ásamt nokkrum öðrum til að leika við Fram og KR, en endanlegt val í landsliðið fer fram um miðjan október. Pétur Óðinsson, sem situr í

varastjórn knattspyrnufélags ÍA, staðfesti í samtali við blaðið, að Hálfðáni hefði verið boðið að æfa með liðinu í vetur. „Við fengum ábendingu um að Hálfðán hefði jafnvel áhuga á að æfa með okkur og buðum honum að koma og kynna sér aðstæður. Okkur leist það vel á hann að við ákváðum að bjóða honum að æfa með ÍA, en það er ekki um neinn samning að ræða að svo komnu máli. Það verður svo að koma í ljós hvernig til tekst.



Hálfðán Gíslason.

Það er auðvitað dálítið mikið mál fyrir svona stráka að komast að hjá liðum á borð við ÍA, en ef þeir komast á samning þá greiðir það óneitanleg götu þeirra í framtíðinni. Það eru margir góðir knattspyrnumenn víða út um land, en þeir vilja oft gleymast þegar stóru liðin leita nýrra leikmanna. Það er kannski alveg eins gott að skoða þá eins og erlenda leikmenn sem eiga að vera góðir, en eru svo kannski ekkert betri en þessir strákar þegar allt kemur til alls. Það getur verið allt eins gott að fá inn unga stráka sem hægt er að móta,“ sagði Pétur.

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1994

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Stafræn útgáfa:

<http://www.snerpa.is/bb>

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Notið þér fríkort

Máttur auglýsinga hefur löngum verið talinn mikill.

Og svo lengi sem auglýsingar hafa tíðkast hefur uppátækjum til að vekja athygli á tiltekinni vöru verið lítil takmörk sett.

Á þeim árum þegar amerískir bílar risu undir nafni birtust nánast aldrei myndir af þeim í auglýsingum án þess að léttklædd glæsipía teygði makindalega úr sér á húddinu. Þrátt fyrir glansþíuna með tannkremsbrosið duldist engum að verið var að auglýsa bíl, sem flesta dreymdi um að eignast.

Þótt enn örli fyrir auglýsingum sem lofa ágæti ákveðinnar vöru, gæði og verð, er því ekki að neita að nú snýst slagurinn um að lokka viðskiptavinina til sín eftir öðrum leiðum. Megin atriði, verð og gæði, eru látin lönd og leið.

Þú kíkir í tappann af gosdrykkjaflöskunni og sérð um leið hvort kaupin á henni hafa fært þér mánaðar birgðir af mjöðnum, utanlandsferð eða jafnvel splunkunýjan bíl.

Þú safnar saman svo og svo mörgum strikamerkjum af ákveðinni vöru og kemur þeim í pott. Ef Lukkuláki er með þér færðu ferð fyrir tvo til Ameríku. Þarna er ekki verið að auglýsa gæði vörunnar, hollustu eða annað sem máli skiptir. Þú kaupir vöruna með von um vinning í happdrætti.

Þessa dagana þegar kaupmenn eru teknir að ókyrrast út af verslunarferðum til útlanda streymir fjöldi manns til höfuðborga grannríkja okkar út á það eitt að hafa keypt bensín á bílinn á réttum stað. Bensínverð er alls staðar hið sama.

Það er sama hvar borið er niður. Þú átt von í happdrættisvinningi ef þú kaupir tiltekna vörutegund. Frókorts- og safnkortsklúbbar spretta upp eins og gorkúlur.

Í fyllingu tímans streyma svo fríkortsávísanir þúsundum saman til korthafa. Ætla mætti að ávísanirnar væru af Barba-ættinni, sumar hverjar a.m.k., þar sem ein og sama ávísunin hefur mörg verðgildi, allt eftir því hvar útgefanda þóknast að láta handhafa framvísa henni.

Það hlýtur að vakna sú spurning meðal neytenda hvort fyrirtæki, sem telja sig hafa efni á að spreða út gulrótum af þessu tagi, hafi ekki alveg eins efni á að lækka verð vöru sinnar, þannig að allir viðskiptavinir njóti góðs af.

Einhvern veginn finnst manni að það séu eðlilegri viðskiptahættir og þar með myndi viðskiptavinurinn líka leystur frá hinni tröllríðandi spurningu við kassann: Notið þér fríkort?

s.h.

Vestfirðir

Bubbi á ferð

Tónlistamaðurinn Bubbi Morthens er þessa dagana á tónleikaferð um Vestfirði. Í kvöld leikur Bubbi á Bíldudal, á morgun, fimmtudag verður hann í félagsheimilinu á Þingeyri, á föstudag verður hann í Vagninum á Flateyri, á laugardag verður hann í Ísafjarðarbíói, á sunnudag verður hann í félagsheimilinu á Suðureyri og á mánudag mun hann skemmta í félagsheimilinu í Súðavík.

Ísafjörður

KFÍ sigraði ÍR

KFÍ sigraði lið ÍR í fyrsta leiknum í úrvalsdeildinni í körfuknattleik, en hann fór fram í Seljaskóla í Reykjavík á fimmtudag í síðustu viku.

Lokatölur leiksins urðu 98:77 fyrir KFÍ. Stigahæstir hjá KFÍ voru þeir David Bevis með 35 stig, Ólafur Jón Ormsson með 25 stig, Friðrik Stefánsson með 14 stig og Marcos Salas með 11 stig.

Vestfirðir

170 útlendingar

Um 400 útlendingar frá löndum utan EES-svæðisins vinnur nú við fiskvinnslu hér á landi og um 500 ef fólk frá löndum innan EES er meðtalið. Rúmlega þriðjungur útlendinganna vinnur við fiskvinnslu á Vestfjörðum, eða samtals um 160-170 manns.

Af vinnuafli í fiskvinnslu á landinu eru því um 7% útlendingar.

Lára Jónsdóttir í Búðinni okkar á Suðureyri

Vilja Súgfirðingar að verði úthverfi Ísafjarðar

Fyrir réttu ári hófu fimmtán aðilar rekstur Búðarinnar okkar á Suðureyri og vildu með því freista þess að halda uppi ákveðnu þjónustustigi á staðnum. Þeir töldu að rekstri matvöruverslunar yrði fagnað af íbúum Suðureyrar, sem að öðrum kosti yrðu tilneyddir til að sækja allt, smátt og stórt, í nálæg byggðarlög. Nú hefur komið á daginn að rekstrar- grundvöllur verslunarinnar er tæpast fyrir hendi miðað við þá verslun sem þar fer fram. Súgfirðingar, líkt og margir aðrir, hafa gert stórinna kaup sín í stóru verslunum á Ísafirði og látið nægja að versla smá- vöru, eins og mjólk og brauð, heima í Búðinni okkar.

Lára Jónsdóttir, verslunar- stjóri Búðarinnar okkar, er ósátt við þessa þróun mála og sá sig knúna til að skrifa Súgfirðingum bréf á dögum- um, þar sem hún lýsir yfir

undrun sinni á áhugaleysi þeirra við að efla verslun og þjónustu í heimabyggð. Í bréfinu, sem birt er í heild hér á síðunni, segir hún að 40% fjölskyldna á Suðureyri versli við stærri verslanir Ísafjarðar- bæjar, sem leiði að lokum til þess að verslun á Suðureyri leggjast af og byggðarlagið verði úthverfi Ísafjarðarbæjar án allrar þjónustu.

„Ég var nú aðallega að benda fólki á hvað liggur að baki mismunandi vöruverði. Mér finnst fólk alltaf halda að litlu kaupmennirnir séu að græða einhver ósköp og þess vegna sé vöruverðið herra hjá þeim. Þetta er bara ekki svona einfalt. Stóru verslanirnar á Ísafirði eru hluti af verslunar- keðjum, Samkaup kaupir inn í gegnum Búr hf. og Vöruval fær sínar vörur í gegnum Þín verslun. Þessar verslanir fá alltaf sinn magnafslátt og jafn-

vel frían flutning frá heildsala, á meðan við fáum engan af- slátt og þurfum að borga flutninginn fullu verði vegna smæðar okkar.

Ég fór út í að reyna að útskýra þetta fyrir fólki, vegna þess að ég var orðin þreytt á athugasemdum um að við værum að hagnast svo mikið á þessu. Ég gaf það einnig í skyn að ef fólk verslaði ekki í heimabyggð þá myndi verslun leggjast af og Suðureyri yrði úthverfi í Ísafjarðarbæ,“ sagði Lára í samtali við blaðið.

Hún segir að eftir að hún sendi bréfið hafi fólk lýst yfir áhyggjum sínum og spurt hvort loka ætti versluninni. Það er þó ekki meiningin, a.m.k. ekki á næstunni, segir Lára. „Ég sendi bréfið eiginlega frá mér persónulega vegna þess að ég vildi vekja fólk til umhugsunar um hvað væri í gangi hérna. Skilningur

fólks á svona lítilli verslun er oft mjög takmarkaður og ég get alveg viðurkennt að hann var eins hjá mér áður en ég hóf störf hérna. Ég vann í heildsölu í mörg ár og það er eiginlega gott á mig að ég skyldi lenda í svona verslunarrekstri. Nú sé ég hvað heildsalinn fer í rauninni illa með þessar litlu búðir.

Við erum ekki að hætta rekstri en við erum að skoða möguleika á að laga reksturinn svo verslunin verði samkeppnisfærari. Eigendur gera ekki kröfur um hagnað, heldur aðeins að dæmið standi undir sér. Nú, ef möguleikarnir reynast ekki vera fyrir hendi, þá er ljóst að það þjónar engum tilgangi að halda þessu áfram. Fólk verður bara að fara vakna upp og gera upp við sig hvað það vill,“ sagði Lára.

Góðir Súgfirðingar

Nú er að verða liðið ár frá opnun Búðarinnar okkar á Suðureyri. Var hún opnuð af fimmtán aðilum sem töldu verslun nauðsynlega í Byggðarlaginu. Verslunin var opnuð með því hugarfari að halda vöruverði sem lægstu þannig að hún gæti staðið undir sér.

Sá misskilningur virðist vera í gangi að ef vöruverð er hærra á einhverri vöru í Búðinni okkar en í annari verslun þá sé búðin að ná sér í hagnað. Verð ég því að útskýra þennan verðmismun á milli lítillar verslunar á Suðureyri og t.d. Samkaupa á Ísafirði. Samkaup og einnig Þín verslun eru stórar verslunarkerðjur um allt land og hafa því möguleika á magninnkaupum sem þýða lægra vöruverð. Búðin okkar er ein sér og getur því ekki nýtt sér þessi magninnkaup og skýrir það í öllum tilvikum verðmismun á milli þessara verslana. En möguleikinn er samt fyrir hendi, því að því fleiri sem versla við sitt byggðarlag, því lægra vöruverð.

Verð ég undirrituð að lýsa undrun minni á því áhugaleysi sem er til staðar um eflingu verslunar og þjónustu í heimabyggð. Fólk verður að sýna samstöðu í því að halda þjónustu í bæjarfélaginu. Ef Súgfirðingar nýttu meira þá þjónustu sem í boði er, væri mikið frekar hægt að sinna henni með t.d. lækkuðu vöruverði og betra vöruúrvali. Á meðan

tvær verslanir eru að reyna að halda uppi þjónustu eins og hægt er miðað við fjölda þeirra sem versla í þeim, fer allt að 40% fjölskyldna á staðnum og verslar við stærri verslanir Ísafjarðarbæjar, sem segir okkur ekkert nema það að við erum að drepa niður alla þjónustu á þessum smærri stöðum og er hætt við að þetta endi með því að Suðureyri verði eitt úthverfi Ísafjarðarbæjar án allrar þjónustu.

Settur verður upp hugmyndakassi í Búðinni okkar og væri gott að fá að vita hvað fólki finnst að betur mætti fara í vöruúrvali. Samt innan skynsamlegra marka, því Búðin okkar getur ekki verið með margar tegundir í sama vönumerki og fersk kjötvara hefur alltaf verið vandamál í versluninni. Gott væri líka að fá verðmismun og í hvaða verslunum hann er, þannig að hægt væri að skoða það við hvem heildsala fyrir sig. Það kemur ekki að sök ef einhver hefur áhuga á að hæla versluninni. Það myndi óneitanlega gera starfið mun léttara.

Ágæti lesandi. Þar sem ég hef nú fengið að létta á hjarta mínu, þakka ég fyrir viðskiptin og vona að þú sjáir þér hag í því að versla vort daglegt brauð hér heima í Búðinni okkar, því að hún lokkar.

Lára Jónsdóttir, verslunarstjóri.

Suðureyri ðarbæjar?



Frá Suðureyri. „Fólk verður bara að fara vakna upp og gera upp við sig hvað það vill,“ segir Lára Jónsdóttir.

Nemendur í 3. bekk FVÍ sniðgengu busavígsluna

Fengu ekki að setja busana í ís og hella yfir þá hveiti

Nokkur óánægja var á meðal nemenda í 3. bekk Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði fyrir í haust, með vígslu nýnema, svokallaða busavígslu. Hefð er fyrir því að þriðjubekkingar sjái um vígsluna, en þeir ákváðu að sniðganga hana að þessu sinni í mótmælaskyni. „Nemendurnir vildu breyta framkvæmd busavígslunnar, sem þeir telja vera orðna leiðinlega í seinni tíð, en skólameistari og aðstoðarskólameistari höfðu öllum breytingum. Því ákváðum við að mæta ekki til vígslunnar að þessu sinni,“ sagði fulltrúi nemenda í 3. bekk í samtali við blaðið.

Busavígsla fer fram í þrennu lagi, að sögn Björns Teitssonar, skólameistarara FVÍ. „Við höfum látið viðgangast að haldið væri uppboð á busum og það var haldið hér á fimmtudegi. Daginn eftir átti síðan að fara fram athöfn sem kölluð hefur verið hin eiginlega busavígsla. Fyrir tveimur árum var þeirri athöfn breytt, eftir mikla samninga og fundahöld, úr mjög svo sóða-

legum og ofbeldisfullum slag, sem hér hafði átt sér stað og farið versnandi ár frá ári, í að busarnir voru látnir gróðursetja trjáplöntur. Þetta var framkvæmt svona í fyrri og árið þar áður. Nýnema voru leiddir í halarófu inn undir Seljaland og þar fór gróðursetning fram, tiltölulega friðsamlega.

Við vonuðum að þessi háttur yrði einnig hafður á að þessu sinni, en þremur dögum áður en athöfnin átti að fara fram, birtust hérna fulltrúar þriðjubekkinga og töldu að þetta væri ekki nógu sterk athöfn og það þyrfti að bæta inn í hana nokkrum þáttum, sem áttu bersýnilega að leiða til óþrifnaðar og ofbeldis. Ég og aðstoðarskólameistari áttum fundi með fulltrúum nemenda, en við höfnum þessum hugmyndum og óskudum eindregið eftir því að athöfnin yrði með sama eða líkum hætti og í fyrri. Við samþykktum hugmyndir nemenda um að busarnir yrðu fluttir inn að Seljalandi á vögnum, en höfnum hinsvegar hug-

myndum um að komið yrði við í íshúsi þar sem setja átti busana í ís, sprauta á þá köldu vatni og hella yfir þá hveiti,“ segir Björn.

Þriðjubekkingar tóku þessum málalokum ekki vel en Björn segist samt hafa staðið í þeirri meiningu að þeir hefðu fallist á að viðhalda óbreyttu fyrirkomulagi. Annað kom á daginn, því þriðjubekkingar hurfu af vettvangi í stað þess að ná í busana inn í kennslustofur, eins og þeim hafði verið heimilað að gera. Þriðji þáttur busavígslunnar, sem Björn kallar „Busablót,“ fór svo fram með venjulegum hætti um kvöldið.

„Ég hef ekki orðið var við nein eftirmál vegna þessa og ég get ekki sagt að ég hafi neinar verulegar áhyggjur af þessu. Þarna var í rauninni einungis um einn af þremur þáttum busavígslunnar að ræða. Það hefur verið hamlað gegn þessum ofbeldiþætti í hverjum skólanum á fætur öðrum og Framhaldsskóli Vestfjarða hefur fylgt þeirri þróun. Því er ekki að leyna,

að á meðan busavígslan fór fram með eldra laginu þá var þetta óvinsælt í bæjarlífinu og það var sífellt skrifað um að þetta væri bænum og skólanum til skammar. Það var því ekki nema eðlilegt að við reyndum að koma þessu niður á dálítið menningarlega svið.

Þriðjubekkingar hafa ætíð talið sig þurfa að hefna fyrir það sem gert var við þá sjálfa tveimur árum áður. Í haust áttu þeir, sem við töldum upp á að hefðu ekki verið busaðir með gamla laginu, heldur gróðursett fyrir tveimur árum, að vera komnir í þriðja bekk. Að þessu gefnu töldum við að engin hættu væri á ferðum. En, inn í þriðja bekk voru allt í einu komnar eftirlegukindur sem höfðu fallið, eða dregist aftur úr, og að mínum dómi náðu þær að koma upp þessum óróa, því miður,“ sagði Björn.

Busarnir gróðusettu sem sagt ekki plönturnar að þessu sinni, en það féll í hlut Björns Teitssonar og starfsliðs hans nokkrum dögum seinna en ráð var fyrir gert.

SKÓHORNID

SKÓVERSLUN

Aðalstræti 24 • Sími 456 4323



Mikið
úrval af
innan hússkóm

Verð
kr. 1.990,-

Ametyst

Hár- og förðunarstofa
Aðalstræti 22, 400 Ísafjörður
Sími 456 3310

Verður lokað frá 9. október til
26. október vegna námskeiðs.

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar

Innritun

Innritun á námskeiðin standa yfir.
Allar nánari upplýsingar eru í **Mannsmáli**.



ÍSAFJARÐARBÆR

LAUST STARF

Leikskólakennari eða starfsmaður með brennandi áhuga óskast til starfa með okkur á leikskólanum í íþróttavallarhúsinu.

Um er að ræða 50% framtíðarstarf. Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 456 3185.

AFLEYSINGAR

Starfsmann vantar til afleysingastarfa við íþróttamannvirki Ísafjarðarbæjar. Starfsvettvangur er m.a. sá að hafa umsjón með búnings- og baðaðstöðu kvenna í sundlaugum og íþróttahúsunum.

Upplýsingar veitir Björn Helgason, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi í síma 456 3722.

Ræstingar / býtibúr

Starfskraftur óskast í ræstingu og búvinnu á FSÍ. Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Hildur Hilmarisdóttir, ræstingastjóri, kl. 08:00 - 12:00 alla virka daga í síma 450 4500, beint innval 450 4556.

Skólalastjóri



sem skiptir sér ekki af pólitík

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson er nú á þriðja starfsári sínu sem skólalastjóri Grunnskólans á Ísafirði. Hann hefur ekki verið áberandi eða umtalaður í bæjarlífinu og fær virðast þekkja þennan mann að ráði eða vita mikil deili á honum. Enda kemur fram í samtali okkar á skrifstofu hans í skólahúsinu við Austurveg, að hann er að jafnaði heldur tregur til að flíka sjálfum sér, þó að hann fallist ljúflega á þetta viðtal. Skólinn er hljóður og tómur, enda laugardagur. Við erum tveir einir í húsinu, utan hvað Jónína Ólöf Emilsdóttir aðstoðarskólalastjóri lítur snöggvást inn einhverra erinda og ræðir við Kristín um stund.

Um árabíl var Kristinn kennari og síðan skólalastjóri í Hrutafirðinum. Kona þaðan úr sveitinni, sem nú er búsett á Ísafirði, segir undirrituðum að hann hafi verið afskaplega vel látinn þar sem maður og skólamaður. Kristinn er 46 ára að aldri, fæddur og uppalinn í Stykkishólmi, Breiðfirðingur að uppruna í báðar ættir eins og ættarnafnið gefur í skyn.

Foreldrar hans eru Guðmundur Ólafur Bæringsson, verslunarmaður og Kristbjörg Hermannsdóttir. Eiginkona Kristins er Elísabet Kristjánsdóttir úr Bolungarvík, dóttir Lóu Fanneyjar Valdimarsdóttur og Kristjáns Sigurðssonar, sem bæði eru látin. Þau voru bæði Vestfirðingar að uppruna, Kristján innan úr Foflafæti en Lóa Fanney frá Flateyri. Valdimar faðir hennar var kaupmaður þar en fluttist að Krosseyri í Arnarfirði, við mynni Geirþjófsfjarðar.

Börn þeirra Elísabetar og Kristins skólalastjóra eru fjögur. Tveir synir þeirra eru löngu fluttir að heiman. Þór Breiðfjörð býr í Lundúnum og lauk þar nýlega námi í söng og leiklist og leikur um þessar mundir í söngleiknum Jesus Christ Superstar á West End. Örn býr í Reykjavík, nýlega útskrifaður sem kerfisfræðingur frá Svíþjóð. Tvíburarnir Atli og Ýr eru enn í foreldrahúsum á Ísafirði og stunda nám í 10. bekk í grunnskólanum. Auk þess á Kristinn eldri dóttur, Margréti, sem býr á Siglufirði og vinnur þar við sambýli fatlaðra.

Elísabet eiginkona Kristins veitir forstöðu vinnustofu aldraðra á Hlíf á Ísafirði. „Hún starfaði sem leiðbeinandi við skólann hjá mér alla tíð þegar við vorum í Hrutafirðinum. En þegar við fluttumst hingað ákváðum við að það væri óskynsamlegt að starfa á sama vinnustað“, segir Kristinn.

– Viðtal við Kristín Breiðfjörð Guðmundsson, skólalastjóra Grunnskólans á Ísafirði

„Langafi minn, Níels Breiðfjörð Jónsson, bjó í Sellátri, rétt hjá Stykkishólmi, þannig að ég er af eyjafólki kominn. Dagbjört langamma mín var úr Akureyjum. Afi minn, Bæring Níelsson Breiðfjörð, bjó einnig í Sellátri en fluttist seinna í Stykkishólmi. Amma mín í föðurætt, Ólöf Guðrún Guðmundsdóttir, var Sandari að uppruna. Afi og amma höfðu mikil tengsl við heimili mitt þegar ég var að alast upp. Amma kenndi mér t.d. að lesa og notaði gömlu bandprjónsaðferðina. Ég varð seint læs og hún var afskaplega þolinmóð. Við höfðum kaup kaups, þannig að hún las fyrir mig þjóðsögur þegar ég var búinn að lesa fyrir hana. Reyndar las afi líka fyrir mig“, segir Kristinn.

„Móðurætt mín er utan af Hellissandi og þar voru afi og amma, Hermann Hermannsson og Ágústína Ingibjörg Kristjánsdóttir. Þangað fór ég stundum í gamla daga að heimsækja ættingjuna, en uppvaxtarárin voru í Stykkishólmi. Þar gekk ég í skóla og lifði bernskuna og unglingsárin, en síðan lá leiðin til Reykjavíkur í Kennaraskólann, þaðan sem ég útskrifaðist 1973. Þá vorum við hjónin tekin saman.“

Sjómennskan blundaði alltaf í mér

Foreldrar Kristins og öll systkini búa í Stykkishólmi. „Á unglingsárum og með skólanum var ég mikið á sjónum, bæði á skaki og skelveiðum og eins vann ég við skipasmíði. Sjómennskan blundaði alltaf í mér. Eftir Kennaraskólann gerðist ég kennari við Héraðsskólann að Reykjum í Hrutafirði og þá stundaði ég gjarna sjóinn á sumrin. Ég var við Héraðsskólann frá 1973 til 1980 og kenndi þar aðallega raungreinar, stærðfræði, líffræði, efnafræði, jarðfræði, veðurfræði og fleiri skyldar greinar. Síðan tók ég við skólalastjórn Barnaskóla Staðarhrepps í Hrutafirði árið 1980 og var þar skólalastjóri alveg þangað til ég kom hingað á Ísafirðir árið 1995. Á þessum árum fór ég í fjarnám í Kennaraháskólanum, svokallað stjórnendanám, og lauk því 1992. Síðan fékk ég ársleyfi frá skólanum og fór til háskólans í Bristol og lauk þar mastersnámi í skólalastjórn árið 1994. Þá kom ég aftur heim og tók við mínu fyrra starfi við barnaskóla Staðarhrepps en réðst hingað ári síðar.“

– Hvaða tómsundagaman skyldi skólalastjórinn á Ísafirði eiga...?

Veidiskapur og gönguferðir

„Áhugamál mín snúa flest að útiveru með einhverjum hætti. Ég hef mikla ánægju af útivist, bæði veiðum og gönguferðum. Sú iðkun hefur reyndar minnkað eftir að ég fluttist hingað, enda tómsundirnar færri. Einnig eru veiðilendurnar lengra í burtu, fyrst og fremst í Húnavatnssýslum, þar sem ég er vel kunnugur.“

– Hvað veiðirðu helst?

„Bæði rjúpu og gæs og síðan er það stangveiðin á sumrin. Reyndar var ég rúman áratug yfirleidsógumaður fyrir útlenda laxveiðimenn í Miðfjarðará. En þegar ég hef sjálfur farið að veiða hef ég farið fram á Arnarvatnsheiði. Hún er mitt óskaland og þar er ég gjarna á gangi með bakpoka og stöng. Ég þekki heiðina mjög vel. Ein ástæða þess er sú, að fyrir hálfum öðrum áratug stóð ég að því ásamt nokkrum öðrum að stofna flugbjörgunarsveit í Vestur-Húnavatnssýslu og við öflaðum tekna með því að fara í seinni leitir fyrir bændur. Ég tók þátt í því og síðar þegar ég var formaður sveitarinnar annaðist ég skipulagningu leitanna og fór þarna þvers og kruss um allt. Það á líka sinn þátt í kunnugleika mínum á þessum slóðum, að ég tók fljótlega einkaflugmannspróf og flaug þá oft fyrir bændur og með bændur að leita að bæði hrossum og sauðfé. Arnarvatnsheiðin er mitt draumaland. Mörgum sem koma

þar í fyrsta sinn þykir að vísu ekki mikið til náttúruferðarinnar koma, en þarna er vissulega mjög fallegt. Ég hef farið mikið bæði að sumri og vetri um allt þetta svæði, frá Tröllakirkju að Eiríksjökli og Langjökli og alveg að Hveravöllum.“

– Ertu búinn að helga þér veiðilundur hér vestra?

„Nei, ég hef aðeins skroppið á rjúpu, en það er lítið. Ég hef farið upp úr Engidalnum og síðan eina ferð á Dynjandisheiðina. Mér líkaði það mjög vel.“

Flugmaður í frístundum

„Annað áhugamál mitt er flugið. Ég á hlut í flugvél og hef notað hana svolítið hér fyrir vestan yfir sumarið. Hún er nú í Reykjavík en ég stefni að því að kaupa stærri hlut í henni og hafa hana hér til frambúðar. Það er mjög gaman að fljúga hér á Vestfirðum. Landslagið er alveg stórkostlegt og gjörólíkt heiðunum fyrir norðan þar sem ég er vanastur að fljúga. Hérna er maður að fljúga fram af klettabrúnum og meiri ókyrrð í lofti.“

Stærðarmunur á skólum

– Það hafa verið mikil umskipti að koma hingað hvað stærð skólanna varðar...

„Já. Þegar ég tók við barnaskólanum að Reykjum voru krakkarnir átta en urðu flestir rétt rúmlega tuttugu, þannig að stærðarmunurinn er gífurlegur. En kannski var stökkið ekki svo stórt í þeim skilningi, að ég var búinn að vinna töluvert að skólamálu á svæðinu. Ég var verkefnisstjóri fyrir fimm skóla við gerð sýslunámskrár fyrir Vestur-Húnavatnssýslu og reyndar var Borðeyrarskólinn í Strandasýslu með í því verkefni. Um þrjátíu kennarar tóku þátt í því, þannig að í hinu faglega starfi var ég ekki óvanur stærri verkefnum.“

Einnig hafði ég haldið sumarnámskeið í Kennaraháskólanum fyrir starfandi kennara um samskipti heimila og skóla.“

Litlar uppstytur í starfinu

– Nú er þriðja skólaárið þitt á Ísafirði að byrja. Hefur þetta verið erfiður tími?

„Ég get nú ekki sagt að hann hafi verið erfiður, en hann hefur verið afskaplega annasamur og litlar uppstytur í starfinu. Á þessum tíma hefur grunnskólinn verið færður til sveitarfélaganna og hingað kom fólkið frá Jógslavíu. Það var töluvert mikið starf bæði að undirbúa flutning skólans frá ríkinu og síðan að undirbúa móttöku nýbúanna, þannig að ekki hefur verið mikið um sumarfrí hjá mér. Það var helst í júlímánuði í sumar að ég tæki mér svolitla hvíld en að öðru leyti má segja að þetta hafi verið ein samfelld vertíð.“

– Hvað eru margir nemendur í Grunnskólanum á Ísafirði?

„Nú eru þeir 551. Þegar ég kom hingað árið 1995 áttu að vera hér 630 nemendur samkvæmt skrá skólans en það voru ekki nema 595 sem skiluðu sér um haustið.“

– Hvernig stendur á því?

„Ég hygg að skrárnar hafi ekki verið alveg kórréttar, en auk þess er hér mikil hreyfing á fólki og margir voru að flytjast brott. Annað haustið mitt hér reyndust nemendurnir 575. Í ár gerðum við ráð fyrir svipaðri tölu en það skiluðu sér ekki nema liðlega 550 nemendur.“

Gegnumstreymið um Ísafirðir

– Nú virðist sem gegnumstreymi fólks um Ísafirðir sé ákaflega ört. Fólk er sífellt að koma hingað og aðrir að flytjast



Kristinn ásamt eiginkonu sinni Elísabetu Kristjánsdóttur.

brott. Hefur þú einhverja vitneskju um það, hvort gegnumstreymi nemenda er örara hér en gengur og gerist?

„Ég hef ekki neinar tölfræðilegar upplýsingar um það í höndunum núna, en ég hef fundið það greinilega, að hér er mikil ferð á fólki. Við verðum mjög vör við þetta, því að við þurfum bæði að taka við gögnum um nemendur sem koma úr öðrum skólum og eins að senda gögn um nemendur sem flytjast héðan. Svo virðist sem mikill tilflutningur sé á fólki milli útgerðarbæja víða um landið.“

– Slæm útkoma grunnskólanna hér vestra hefur verið sigilt fréttæfni á undanförmum árum. Oft er talað um að tíð kennaraskipti hafi slæm áhrif á námsárangur. Má ekki ætla að búferlaflutningar nemendanna sjálfra og skipti þeirra á skólum hafi svipuð áhrif?

„Það hefur áreiðanlega áhrif og ekki síður það rót sem er á fjölskyldum þeirra við búferlaflutninga. En það er mjög flókið hvaða þættir það eru sem hafa áhrif í þessum efnum. Menn hafa kannski ekki viljað svo mjög velta því upp á borðið, en það er vissulega hægt að benda á nokkuð ákveðna þætti sem hljóta að skipta töluverðu máli. Þar á meðal eru vissulega tíð kennaraskipti, kennarar fylgja ekki nemendum sínum nokkur ár samfleytt, eins og við reynum að hafa það hér. Þegar börnin eru sífellt að fá nýja kennara myndast ekki sömu tengslin og ella væri. Eins er hitt, að framboðið af kennurum er lítið og þeir standa sumir hverjir stutt við. Þó held ég að þetta hafi heldur batnað hér á Ísafirði á liðnum árum, ef eitthvað er, nema nú í ár. Núna höfum við verið í vandræðum og okkur hefur ekki tekist að manna skólann til fulls. En það er ekki vandamál sem er bundið við Ísafjörð einan, heldur er það á landsvísu.“

Samræmdu prófin og samfélagsgerðin

„Slaka útkomu á samræmdum prófum má kannski að einhverju leyti rekja til samfélagsgerðarinnar, en þó er hægt að benda á ýmislegt sem hrekur þá kenningu. Ég kannast vissulega við þær fullyrðingar, að samfélagsgerðin valdi þessu, neikvæð afstaða í byggðarlaginu til menntunar o.s.frv. En við höfum á hinn bóginn dæmi um bæi með svipaða samfélagsgerð, þar sem hlutirnir ganga tiltölulega vel, þannig að þetta er ekki einhlít skýring. Ég held að orsakanna sé kannski einna helst að leita í því hversu oft er erfitt að manna skólana.“

– Nú verður varla svo komið í verslun eða önnur fyrirtæki síðdegis hér í bæ, að þar séu ekki nemendur í Framhaldsskólunum við afgreiðslu eða önnur störf. Ætli mikið sé um að grunnskólanemendur vinni með skólunum?

„Ég hef orðið var við að krakkar úr grunnskóla séu að

vinna með náminu, en ég hef á tilfinningunni að það hafi frekar dregið úr því, ef eitthvað er. Í grunnskólalögum eru alveg skýrar línur. Þar er reynt að stemma stigu við því að krakkar vinni með skólunum, að minnsta kosti þannig að sú vinna hafi ekki áhrif á námið. Félagsmálayfirvöldum og skólum er ætlað að fylgjast með því að slíkt gangi ekki úr hófi. En þetta er ekki eingöngu bundið við sjávarþorpin. Á sumum bæjum í sveitum getur verið mikið vinnuálag á krökkum.“

Skólinn og skólastjórinn minna áberandi?

– Síðustu árin virðist eins og minna sé talað um starfið í grunnskólanum hér en var löngum áður. Ekki síst er eins og skólastjórinn sjálfur sé minna áberandi og minna umtalaður en oft hefur verið á Ísafirði á liðnum árum og áratugum...

„Stundum er sagt að engar fréttir séu góðar fréttir. En ég hef sjálfur engan samanburð í þessu efni. Í skólastarfinu leggjum við á það áherslu að taka við öllum kvörtunum og reyna að leysa úr þeim eftir bestu getu og með skipulegum hætti. Við viljum að fólk finni að við tökum við ábendingum og kvörtunum og reynum að vinna úr þeim. Síðan fær fólk upplýsingar um hvað hafi verið gert, þannig að ljóst sé að vandamálunum er ekki stungið undir stól. Á hinn bóginn hef ég persónulega lagt afskaplega lítið upp úr því að láta á mér bera. Ég held að það sé gott fyrir stofnanir af þessu tagi að búa við vissan frið, þó að þeim sé að öðru leyti nauðsynlegt að fá ákveðna athygli í samfélaginu. Þegar ég kom hingað fannst mér mikilvægast að vinna vel heimavinnuna okkar og koma á sæmilegri sátt um skólann.“

Við vorum ráðin hér tvö á sama tíma, Jónína Ólöf Emilsdóttir aðstoðarskólastjóri og ég, og við höfum verið mjög samstiga í þessum málum. Hún er mjög öflug á sínu sviði og sem stjórnunarteymi höfum við náð ákaflega vel saman, að mínum dómi. En svona stofnanir eru mjög viðkvæmar fyrir ytri áhrifum og neikvæð afstaða samfélagsins hefur mjög slæm áhrif inn í skólana. Þess vegna er það svo mikilvægt að skapa sæmilega sátt milli skólans og samfélagsins.“

Skólamaður og pólitík

„Sums staðar hefur það tíðkast meðal skólamanna, og reyndar við þennan skóla líka, að vera mjög framfarlega og áberandi í pólitík. Að mínum dómi er það farsælast að jafnaði, að menn í þessum störfum skipti sér ekki af þeirri tít. Þar sem pólitíkin er eins óvæginn og sagt er að hún sé hér á Vestfjörðum, þá held ég að auðveldara sé að skapa sátt um skólastarfið ef maður lætur þann vettvang í friði, opinberlega að minnsta kosti.“

– Má ég samt spyrja: Hvar ertu í pólitík?

„Já, þú mátt spyrja, en svarið er einfaldlega að ég er hvergi staðsettur í pólitík. Ég hef aldrei unnið með neinum pólitískum flokki eða gefið neinar yfirlýsingar í þeim efnum. Reyndar var það svo, að árið áður en ég réðst hingað hafði ég sótt um starf skólastjóra í Stykkishólmi. Mér var reyndar bent á að það þýddi lítið fyrir mig, þar sem ég væri ekki sjálfstæðismaður, því miður. Þá var Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra. Það mál var mjög sérkennilegt og þegar hann var kominn út í horn í lokin taldi hann að ekki væri um neinn persónulegan ágreining að ræða, því að umsækjendur væru báðir sjálfstæðismenn! Það var að vísu hinn mesti misskilningur hjá þeim ágæta manni. Ég tel mig ópólitískan þegar stjórnsmálaflakkar eru annars vegar. En auðvitað hafa allir einhverjar lífsskoðanir og spurningin er bara hvort eða hvemig menn flíka þeim.“

– Þú nefndir að illa hefði gengið að manna skólann til fulls að þessu sinni. En er ekki kjarninn í kennaraliðinu nokkuð stöðugur þessi árin?

Sterkur kjarni kennara í skólunum

„Jú. Hér í skólunum er mjög sterkur kjarni sem ber uppi skólastarfið. Á þessu fólki er mikið álag að taka við nýliðum í starfi og þjálfa þá upp, bæði leiðbeinendum og nýútskrifuðum kennurum. Við höfum lagt á það áherslu að fá kennaranema hingað vestur og gera vel við þá. Með þeim hætti erum við að reyna að leggja inn fyrir því að þetta fólk komi til okkar að námi loknu. Þannig kom hingað kennari í haust, sem hafði áður verið hér við æfingarkennslu. En þegar ástandið er svona um land allt er dálítið erfitt við þetta að eiga.“

– Hvaða skoðun hefurðu á flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga? Var þetta farsælt skref til framtíðar?

Flutningur grunnskólans til sveitarfélaganna

„Ég hef verið þeirrar skoðunar. Nema þá að kjaramál kennara þróist á verri veg. Ég hafði á tilfinningunni að það væri mikill metnaður hjá sveitarfélögum að taka við grunnskólanum og gera vel við hann, byggja upp bæði innra starfið og ytri aðbúnað, húsakost og annað. Það er erfitt að segja hvornig þetta ætlar að þróast, enda lítil reynsla komin enn. Á næstu misserum kemur væntanlega í ljós hvornig þetta reynist. Sveitarfélögin eru vissulega mjög mismunandi í stakk búin að taka við grunnskólanum. Fyrst og fremst hjá hinum stærri var mikill áhugi að taka við þessu verkefni og reyndar fleirum, en sum koma varla til með að ráða við það.“

Svo er spurningin, hverjar áherslur verða hjá sveitarfélögunum, hvernig þau verja fjármunum sínu og haga framkvæmdum sínum. Sum þeirra eru mjög illa stödd fjárhagslega. Ef þetta gengur ekki upp og menn treysta sér ekki til að taka á þessu máli á fullnægjandi hátt, þá er væntanlega hollast fyrir sveitarfélögin að skila grunnskólanum aftur.

En hugmyndafræðin að baki því að flytja grunnskólann og ýmsa aðra þjónustu til þeirra sem njóta hennar, er að reyna að stytta boðleiðina á milli þeirra sem veita þjónustuna og þeirra sem þiggja hana. Það er í sjálfa sér mjög rökrétt. Helsta vonin hjá skólunum þegar þeir eru komnir til sveitarfélaganna er sú, að þá verði foreldramir virkari og hafi meiri áhrif.

Ef við snúum okkur sérstaklega að skólanum hér, þá hefur mér fundist vera mikill metnaður og góður vilji hjá skólanefndinni og fræðslunefndinni eins og hún heitir nú. Þar er fólk mjög einhuga um að taka vel á fræðslumálunum og gildir það jafnt um meirihluta og minnihluta.

Aðstaðan í Grunnskólanum á Ísafirði

– Hvernig er tækjastur og annar búnaður Grunnskólans á Ísafirði og vinnuaðstaða kennara, miðað við það sem gengur og gerist?

„Fræðslunefndin hér hefur sýnt góðan skilning varðandi rekstrarframlög til skólans og verið að bæta aðstöðuna jafnt og þétt. Samt er aðstaðan hvergi nærri nógu góð ennþá. Í fyrsta lagi höfum við lagt á það áherslu að verja húsnæðið skemmdum, koma í veg fyrir leka og því um líkt. Það er reyndar ekki búið ennþá. En auk þess höfum við verið að skipta um húsgögn í kennslustofum og lagfæra þar ýmsan búnað. Einnig höfum við verið að fikra okkur áfram í endurbótum á tölvubúnaði og öðrum kennslutækjum. Þetta sem nú hefur verið nefnt dugar þó ekki til, vegna þess að plássíð er svo lítið innanhúss. Kennarastofan er allt of lítil. Við þurfum að matast á sama stað og við erum með alla okkar pappíra og annað tilheyrandi. Og það er langt því frá að allir kennarar hafi vinnuaðstöðu í skólanum.

Kennarar hér eru samtals rétt um 50 að stundakennurum meðtöldum, sem sumir kenna lítið. Þeir sem eru í starfi að einum þriðja eða meira eru 46. Borðpláss í vinnuaðstöðu kennara er fyrir tólf til fjórtán manns, þannig að fólk er að tvímenna og þrímenna á sama stað. Ég hef verið að vinna að því, að þar sem er einsetning á unglingsstigi geti kennarar fengið vinnuaðstöðu í stofunum eftir kennslu, koma þar upp læstum hirslum, síma og fleiru sem nauðsynlegt er. En töluverðar breytingar þarf að gera til þess að slíkt gangi upp.“

Símarnir og kennararnir

– Síma, vel á minnst. Fyrir stuttu kom fram í einhverju blaði hér að kennarar í Grunnskóla Ísafjarðar hefðu ekki aðgang að nema fjórum sínum. Ég hef heyrt fólk velja því fyrir sér, til hvers kennaraliðið þurfi marga síma. Eiga kennararnir ekki að kenna börnunum? Er ætlast til þess að þeir liggja í símanum á vinnustað?

„Það er von að fólk spyrji að því. Við erum með fjórar línur inn í húsið og það er mikil álag á símakerfinu. Það er ekki síður verið að hringja inn í skólann en út úr honum. Í skólastarfi er margt sem kemur upp á, þannig að nauðsynlegt er að hafa samband við foreldra. Ég hef lagt á það mjög ríka áherslu við kennara, að þeir hafi samband við hvert einasta heimili, ekki bara þegar eitthvað er að, heldur til þess að skapa tengsl milli heimilis og skóla. Síminn er ákaflega mikilvægt tæki í því að skapa slíkt samband. Og símarnir sem kennarar hafa til afnota eru ekki einu sinni fjórir. Á kennarastofunni eru tveir, en sá þriðji er í herbergi sem við höfum nýlega lagfært við hliðina á ræstikompunni. Það er eini staðurinn þar sem kennarar geta talað í síma í næði. Þar er einnig hægt að ræða við foreldra í næði, en þetta er nú ekki sérlega vistleg kompa, þannig að kennarar fara gjarna með foreldra eða nemendur inn á skrifstofuna mína eða skrifstofu aðstoðarskólustjóra til þess að geta talað við þá í friði.“

– Í umræðunni undanfarið hefur komið fram, að gera þurfi starf kennaranna sýnilegra. Hvað felst í því?

„Sýnilegir“ kennarar

„Þetta er góð spurning. Kennararnir hafa sjálfir verið að spyrja hvað átt sé við með þessu. Hér er fyrst og fremst átt við það, að stærri hluti af starfstíma kennaranna á degi hverjum verði í skólanum sjálfum. Starf kennarans skiptist í þrjá meginhluta, kennsluna sjálfa, undirbúning kennslunnar og



síðan önnur störf, svo sem samstarf við foreldra, gerð skólánámskrár, skýrslugerð og margt fleira, sem þarf að inna af hendi. Með því að gera starf kennaranna sýnilegra er væntanlega átt við það, að þeir stimpli sig inn klukkan átta að morgni og síðan út klukkan fjögur eða fimm síðdegis að vinnudegi loknum. En ég veit ekki hvernig ég færi að, ef allt þetta fólk væri hér allan daginn í stað þess að fara heim og vinna verkin sín þar. Hér er einfaldlega ekkert pláss fyrir allt þetta fólk. Við erum með tvísetinn skóla að hluta og kraðakið hér er alveg nógu mikið fyrir. Í viðverutímum á þriðjudögum en hreint enginn vinnufriður á kennarastofunni, svo dæmi sé tekið.“

„Hvenær ertu búinn að kenna?“

– Oft eru kennarar spurðir: Hvenær ertu búinn að kenna? Í þeirri spurningu felst það álit, að kennarinn hafi lokið starfi sínu þann daginn þegar síðustu kennslustund lýkur og byrji ekki aftur fyrr en í fyrstu kennslustund næsta morgun. Finnst þér skilningur hjá fólki á því að kennarar þurfi að undirbúa kennslustundir, að þeir þurfi að semja verkefni og próf og fara yfir þau og vinna margvísleg önnur störf utan sjálfrar kennslustundanna?

„Ég held að skilningurinn á því sé upp og ofan. Ég hef tekið eftir því, að fólk sem kemur hér inn og hefur ekki þekkt til starfa kennara er hissa á því hversu mikil vinnan er í raun. Þeir sem koma hér sem leiðbeinendur virðast oft renna blint í sjóinn með það, hversu vinnuframlagið er mikið og þeim bregður þá í brún. Einnig hefur verið áróður gegn kennurum í þessu efni. Í fjölmiðlum hefur verið fjallað um þetta með þeim hætti, að kennarar kenni svo og svo margar kennslustundir á dag og séu svo búnir. Segja má, að ríkt hafi mikið skilningsleysi á störfum kennara. Þetta helgast að einhverju leyti af því, að fólk sér að kennarar eru komnir út á götu um miðjan dag og ályktar sem svo, að nú séu þeir búnir að vinna. Fólk áttar sig ekki á því, að heima bíða verkefnin, sem þar eru síðan unnin síðdegis og á kvöldin og um helgar.

Norðurtangahúsið

– Hvernig leist þér á hugmyndina um að taka Norðurtangahúsið undir kennsluhúsnæði?

„Því er fljótsvarað. Mér leist ágætlega á þá hugmynd.

Fræðslunefndin var búin að vinna kerfisbundið að endurskoðun á skipan skólamála í hinu nýja sameinaða sveitarfélagi, í samráði við skólustjórana, og fram voru komnar nokkrar leiðir sem hægt yrði að fara. Varðandi húsnæðismál Grunnskólans á Ísafirði var búið að velta upp nokkrum möguleikum áður en Norðurtangahúsið kom inn í umræðuna, en þegar sú hugmynd kom upp varð fræðslunefnd einhuga um að mæla með því að þessi leið yrði farin. Flestir þekkja það sem á eftir fór og leggja mismunandi skilning í það hvað hafi gerst og hvað sé að gerast. En það sem snýr að okkur starfsfólki skólans nú er fyrst og fremst þetta: Vinnuaðstaðan er mjög erfið. Núna er á hverju ári verið að lengja þann tíma sem hvert barn á að vera í skólanum. Ákvæði eru um það, að nemendur eigi að búa við einsetinn skóla og að þeir geti fengið máltíðir í skólanum og mörg sveitarfélög bjóða upp á lengda viðveru í skólanum fyrir þá sem þess þurfa. Stöðugar kröfur eru á okkur um að verða við þessum ákvæðum. Sem skólustjóra ber mér að sjálfsögðu að fara eftir landslögum í þessu sem öðru, en ég get það ekki nema fræðslunefnd og bæjaryfirvöld sjái okkur fyrir aðstöðu til þess. Ég hef mestar áhyggjur af því, að við erum hér með allt of þröng húsakynni. Við komum kennslunni ekki fyrir frá kl. átta til fimm. Þetta er klastur hjá okkur í vetur og ekki verður það betra næsta vetur, ef ekki rætist úr. Mér virðist að við séum að falla á tíma. Það verður að finna einhver ráð til þess að leysa húsnæðisvandann. Þetta hefur líka áhrif á starfsfólkið. Vinnuaðstaðan er ákaflega bágborin og það eru ekki meðmæli með skólanum þegar ástandið er með þessum hætti.“

Gamla húsið við Aðalstræti

– Nú hafa fjórar kynslóðir Ísfríðinga gengið í skóla í gamla húsinu við Aðalstrætið síðustu öldina eða svo. Hvernig er aðstaðan þar miðað við kröfur tímans?

„Húsið er byggt í nokkrum áföngum. Það verður að segja eins og er, að þetta er léleg bygging. Húsinu hefur verið haldið mjög illa við, nánast ekkert síðustu árin, vegna óvissunnar um hvað verði gert við það. Húsið sem slíkt er að vísu nokkuð skemmtilegt, þar er hátt til lofts og það hefur sinn sjarma. Ég hef fundið á fólki sem kemur þar inn, að minningarnar og fortíðarþráin eiga það til að vakna. En minnstu skólustofurnar eru hálfgerðar skonsur og það eru vandræði með að koma fötludum á milli hæða, nánast útilokað. Það er reyndar vandamál í skólanum öllum, að lyfta er engin. Húsið heldur líka mjög illa vindi og þar kólnar mjög þegar blæs. En ég veit að því eru tengdar dýrmætar minningar og Ísfríðingar verða að vinna úr því, hvort þeir ætla að varðveita það og þá með hvaða hætti. Eins og er finnst mér það ekki falla vel að þeim kröfum sem gerðar eru í dag til skólahúsnæðis.“

Skólamáltíðir fyrir nemendur

– Þú nefndir áðan að nemendur eigi að geta fengið máltíðir í skólanum. Er það svo hér?

„Já og nei. Aðstaðan er langt því frá að vera boðleg. Á unglingsstiginu erum við með svokallaða matsölu nemenda, þar sem hægt er að kaupa brauð og drykkjarvörur og jafnvel hamborgara eða eitthvað því um líkt þegar mikið er við haft. En aðstaðan til að matast er ákaflega léleg. Yngri börnin borða síðan bara sitt nesti í kennslustofunum eins og tíðkaðist í gamla daga. Nú þegar verið er að lengja kennsludaginn hjá þeim þurfa þau að hafa tvöfalt nesti. Þetta er alls ekki nógu gott. En ef farið yrði út í að flytja unglingsstigið annað, 7.-10. bekk, eins og talað var um í sambandi við Norðurtangahúsið, þá myndi losna herna rými þar sem félagsmiðstöðin er nú og þar væri hægt að útbúa ágætis aðstöðu til þess að framreiða mat fyrir 1.-6. bekk.“

Kennarastarfið

– Er kennarastarfið létt vinna?

„Nei, hún er erfið, hún er krefjandi. Þegar vel gengur gefur hún ákaflega dýrmæta reynslu og dýrmætar stundir, en svo kemur líka lífsreynsla þar sem menn eru alveg að bugast, þegar erfiðlega gengur og mikið gengur á. Þetta er mjög erfitt starf og maður er aldrei laus úr því, hvorki sem stjórnandi eða almennur kennari. Og það er talsýn hjá fólki, ef það heldur að kennarar geti hagað sér eins og þeim sýnist utan skólans. Þannig er það ekki. Ef við förum í þetta starf, þá verðum við að ganga heil til þess“, segir Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, skólustjóri Grunnskólans á Ísafirði.

Hlynur Þór Magnússon.



Sigurbjört Eggertsdóttir, Egill Egilsson og Ólafur Bjarni Stefánsson bjóða gestum Vagnsins upp á veisluföng að þýskum hætti á „Októberfest.“

Októberfest í Vagninum

Í yfirstandandi mánuði býður Vagninn á Flateyri til „Októberfest“ að þýskum hætti.

Þýskur mjöður stendur til boða á mjög hagstæðu verði

út mánuðinn, en einnig hefur Vagninn boðið upp á hlaðborð með réttum sem einkenna Októberfest í Þýskalandi. Þar á meðal eru: Þýsk baunasúpa, grísaskankar, ofnsteiktur

kjúklingur, Svartaskógarterta, vínarsnitset, grillaðir svínaskankar með súrkáli og ýmislegt fleira.

N.k. laugardagskvöld verður boðið upp á síðasta hlað-

borðið af þessu tagi og því upplagt fyrir fólk að bregða undir sig betri fætinum og kynna sér þýskar matarvenjur í Vagninum.

Guðjón Brjánsson um uppsagnir ræstingafólks FSÍ

Ekkí skemmtilegt - en því miður nauðsynlegt

Í síðustu viku var 12 starfsmönnum sem unnið hafa við ræstingar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, sagt upp störfum og eru uppsagnirnar liður í sparnaðaraðgerðum, að sögn Guðjóns Brjánssonar, framkvæmdastjóra FSÍ. Hann segir að öllum starfsmönnum verði boðin ráðning að nýju, aðeins sé spurning um

með hvaða hætti það verði gert.

„Við erum að vinna í málinu eins og er, en niðurstaðan verður að skila okkur sparnaði, um það er engin spurning. Ég vil ekki skýra frá hugmyndum hvað þetta varðar fyrr en þær hafa verið kynntar fyrir starfsfólki. Það hefur verið gefið í skyn að þegar

sparnaðaraðgerðir eru annars vegar, þá sé ávallt byrjað á ræstingunni. Ég vil leiðrétta þann misskilning. Það hefur verið unnin mikil vinna við hagræðingu hér á öllum sviðum en við höfum hlíft okkur við að taka til í ræstingarmálunum fram að þessu. Núna getum við því miður ekki annað en horft til þessa þáttar

í rekstrinum líka. Það er fjarri því að þetta sé skemmtilegt, en því miður nauðsynlegt,“ sagði Guðjón.

Samkvæmt heimildum blaðsins eru uppi hugmyndir um að ræsting á FSÍ verði að mestu unnin í dagvinnu hér eftir, en hún hefur mikið til verið unnin um kvöld og helgar fram að þessu.

Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði

Lyf- og öldrunarlæknir ráðinn til starfa

Ólafur Þór Gunnarsson læknir, hefur verið ráðinn til Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði.

Ólafur er lyf- og öldrunarlæknir og mun starfa fyrst og fremst sem lyflæknir við FSÍ, en sinna öldrunarlækningum samhliða. Þetta er í fyrsta skipti sem sérfræðingur í öldrunarlækningum kemur til starfa á FSÍ og er sjúkrahúsið fyrst fjórðungssjúkrahúsa til að framfylgja hugmyndum frá Heilbrigðisráðuneytinu um að lyflæknis- og skurðlæknisþjónustu skuli vera til staðar í

hverjum landsfjórðungi.

„Fjórðungssjúkrahúsið hefur aldrei verið jafnvel mannað læknum og nú og þrátt fyrir aðhaldsaðgerðir erum við að bæta þjónustuna. Sérfræðipækking Ólafs mun nýtast íbúum Ísafjarðar og nágrenna byggðarlaga og þá ekki síst eldri borgurum,“ sagði Guðjón Brjánsson, framkvæmdastjóri FSÍ, í samtali við blaðið.

Staða kvensjúkdómalæknis verður nú 25% staða í stað fulls starfs áður og er því aðeins um 25% aukningu að ræða í stöðugildum talið.

Læknar við FSÍ eru nú: Þorsteinn Jóhannesson yfirlæknir, Ólafur Þór Gunnarsson lyflæknir og Jón B. Stefánsson kvensjúkdómalæknir.

Auk þess eru læknar HSÍ í hlutastarfi á FSÍ en þeir eru: Friðný Jóhannesdóttir yfirlæknir heilsugæslu, Helgi Kr. Sigmundsson heilsugæslulæknir, Guðni Á. Sigurðsson heilsugæslulæknir og Elínborg Bárðardóttir sérfræðingur í heimilislækningum. Þess má geta að Elínborg er eigin kona Ólafs Þórs og er því einnig að koma ný til starfa.



Afmæli

50 ára

Ómar Guðbrandur Ellertsson verður 50 ára 12. október.

Hann og eiginkona hans Ásgerður Annasdóttir munu taka á móti gestum í sal Oddfellowhússins við Aðalstræti laugardaginn 11. október milli kl. 17:00 og 20:00.

Lögreglustjórar...

Í síðasta tölublaði BB var á þessum vettvangi fjallað um hraðakstur ungra manna í Bolungarvík og sendingar lögreglumála milli lögreglustjóra. Eins og kunnugt er gegna sýslumenn einnig starfi lögreglustjóra, hver í sínu umdæmi. Lögreglustjórnin í Bolungarvík sendi ökuþórana heim til Ísafjarðar og skýrslurnar til starfsbróður síns á Ísafirði. Sýnist þetta hin haganlegasta aðferð, ekki síst fyrir sendandann. Almennigur hefur mismikið álit á lögreglunni. Stundum er það meira og stundum minna eins og gengur. Þó er það svo að almenningur er heldur á bandi lögreglunnar, en á þó fremur bággt með að þola henni axarsköft. Það á þó ekki við í umræddu tilviki, því starfsbróðirinn á Ísafirði svipti víst ungu ökuníðingana ökuleyfinu strax og hann fékk skýrslur um brot þeirra.

Sýslumaðurinn í Bolungarvík ritaði greinarstúf í BB í síðustu viku og var ósáttur við umfjöllun blaðsins um hraðakstursmálið. Ekki er nú ástæða til, hafi hann á annað borð sagt það, sem eftir honum var haft. Embættismenn eru almenningseign með vissum hætti og verða „veskú“ að setta sig við það. Slíkir menn geta ekki leyft sér að tala við fjölmiðla á sama hátt og almenningur talar við eldhúsbordið eða á rúmstoknum heima hjá sér. Hinn almenni borgari á Íslandi á þá kröfu að fólk í opinberum störfum rísi aðeins upp fyrir fjöldann. Gildir það jafnt um starfsmenn sveitarfélaga og ríkisins. Sýslumenn hafa notið töluverðrar virðingar meðal þjóðarinnar um aldir. Orðtakið, „svona eiga sýslumenn að vera“ lýsir því að almúginn hefur talið sig eiga nokkuð til þeirra að sækja. En til hvers getum við, sem tilheyrum hinum óskilgreinda almúga, vænst af sýslumönnum? Finnst okkur í lagi að lögbrotar í umferðinni séu ekki meðhöndlaðir á sama hátt hvar sem er á landinu? Því er auðsvarað. Öll sams konar mál eiga að hljóta sams konar afgreiðslu, einfaldara getur það ekki verið.



...fara fram úr...

Hvað veldur þá mismunandi afgreiðslu mála? Fróðlegt hefði verið að sjá ítarlega og glögga umfjöllun sýslumannsins um það atriði. Sú spurning hlýtur að vakna í huga margra hvers vegna í ósköpunum lögreglustjórnarinnar í Bolungarvík og á Ísafirði afgreiði mál ekki á sama hátt? Því er engin leið að svara hér. Annað hvort verða þeir ágætu menn að svara því sjálfir óbeðnir eða fjölmiðlar að ganga eftir svörum þeirra. Stjórnsýslan á Íslandi hefur verið rekin á þann hátt að blæbrigðamunur hefur verið milli landshluta og héraða og kannski hefur það verið af hinu góða. En í seinni tíð hefur alþingi samþykkt hver löggin á fætur öðrum, sem öll stefna í þá áttina að samræma stjórnsýslu. Í sumar tóku gildi ný lög um lögregluna. Meðal annars var rannsóknarlöggebla ríkisins lögð niður og ríkislögreglustjóri varð til. Hann á víst að sjá um samræmingu á störfum lögreglunnar og greinilega hefur hann verkefni að vinna við Ísafjarðardjúp.

Lögreglan má ekki gleyma því að hún er til fyrir borgarana og er í þjónustu við samfélagið. Sums staðar þykir sjálfsagt að vera ekki að skipta sér af minni háttar lögbrotum eða yfirsjónum, sem annars staðar er tekið á. Og vissulega viljum við Íslendingar ekki lögregluríki. En við kærum okkur ekki um glannaskap og afglaphátt í í umferðinni. Auðvitað á að taka þessa ungu glanna og láta þá skilja ábyrgð sína gagnvart sjálfum sér og öðrum ekki síður. Sýslumaðurinn er jú lögreglustjóri á hverjum stað. En í raun er hann ekki annað en efstur í lögreglunni, og er sjaldanast sjálfur að stoppa ökomenn. Lögreglumennirnir hafa auðvitað sitt að segja. Dugnaður þeirra og vinnubrögð hafa mikið að segja varðandi álit almennings. Lögreglustjórnin á að stjórna. Nafnið bendir til þess

...hver öðrum

Það er ekki mikið að ætlast til þess að vinnubrögðin séu samræmd. Á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar eru 15 kílómetrar. Út í hött er að sams konar löggæsla sé ekki á báðum stöðum. Ekki trúir því nokkur maður, að sýslumennirnir séu að reyna komast fram úr hver öðrum í löggæslumálum. Nær væri að þeir væru samstiga. En annar stendur hinum framar. Sennilega þykir sumum íbúum Bolungarvíkur hægilegt að ekki sé verið að garfa í smámálum, eins og „hraðakstri“ stöðubrotum og því um líku. Með sama hætti er við því að búast að Ísfirðingum sumum þyki súrt í broti að njóta ekki sömu réttinda á Ísafirði.

Aðrir íbúar kynnu að hugsa sem svo að ófært sé að taka ekki á framantöldum brotum. Íbúarnir verða sjálfir að ákveða hvorn sýslumanninn þeir telja framar hinum. Ekki skal lagt á það annað mat hér en það, að benda á lögin og þá sjálfsgöðu skyldu að fara eftir þeim.

Skemmtilegasta athugasemd sýslumannsins í Bolungarvík var hins vegar sú, að hann frábað sér umfjöllun í þessum dálki. Þar fór hann eiginlega fram úr sjálfum sér. Dómur almennings er auðvitað mun alvörubrunnari en umfjöllun í þessum dálki. Það skyldi að minnsta kosti ætla. Embættismenn ráða eiginlega mestu um það hvernig fjölmiðlar tala um þá. Þeim ætti að minnsta kosti að vera orðið það ljóst sem að þessu umfjöllunarefni koma, að gefi einhver tilefni er eins líklegt að það verði hent á lofti. Og hreinskilni hefur verið talið aðalmerki Vestfirðinga. Þar fór sýslumaðurinn fram úr flestum öðrum opinberum persónum með ummælum sínum.

– Stakkur

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

Til sölu er falleg **2ja herbergja íbúð** að Stígahlíð 2, Bolungarvík. Nýtt parket á gólfi - áhvílandi húsnæðis-lán kr. 500 þúsund krónur. Verð: Ein milljón. Upplýsingar í síma 456 3748

Til sölu **tvískiptur ísskápur**. Á sama stað er óskað eftir minni ísskápi og kójum. Upplýsingar í síma 456 3611

Til sölubarnavagn, **Hókus þókus stóll og burðar-poki**. Upplýsingar í síma 456 5128

Til sölu 4 **negld vetrar-dekk**, Hankook, 195/75, 14". Upplýsingar í síma 456 3260, eftir kl. 19.

Til sölu **Subaru Station '86**. Upplýsingar eru veittar í síma 456 4645

Tapað! Ég týndi gleraugum með gylltri og rauðri umgjörð í rauðu hulstri, á leiðinni sjúkrahús-pósthús-sjúkrahús. Upplýsingar eru gefnar á pósthúsi eða í síma 456 3713

Til sölu **Volvo 360 '85**. Góður bíll. Upplýsingar í síma 456 4726

Til sölu **Ford Escort '87**, ekin 14.000 km. Verð kr. 190 þúsund. Góður bíll. Upplýsingar eru veittar í síma 456 4098

Til leigu **4ja herbergja íbúð í Stórholti**. Laus strax! Upplýsingar í síma 456 4212 og 853 1769

Til sölu **Clark riffill**, cal 224, 27" heavy warmint, Matco hlaup, Winchester model 70 lás. Kíkisfestingar og hringir fylgja. Upplýsingar í síma 456 3403

Slysavarnakonur! Munið fönndrið á laugardaginn. Nefndin.

Til sölu **3ja herbergja íbúð** á 3. hæð í Stórholti 13. Upplýsingar í síma 456 4681

Til leigu **3ja herbergja íbúð** í Stórholti, laus strax! Upplýsingar í síma 564 5045

Félagar í átthagafélagi Sléttuhrepps athugið! Gjaldkeri mun ganga í hús og innheimta félagsgjöld næstu daga.

Til sölu **Urðarvegur 49, efri hæð**, sem er 180m². Verð kr. 10,7 milljónir. Upplýsingar í síma 456 4244

Til sölu **lítið notuð nagla-dekk**, 13", 155 R13. Upplýsingar í síma 456 5199

Til sölu er **Casio hljómborð** á kr. 15.000 og eldhúsbörð á kr. 5.000. Upplýsingar í síma 456 3620, eftir kl. 19.

Til sölu eru **tveir bassar á góðu verði**. Upplýsingar í síma 456 4050

Til sölu **Toyota Corolla '87**. Mjög góður bíll. Upplýsingar í síma 456 5107 og vs. 456 3612

Óska eftir gömlum sófa og sófaborði, helst gefins. Upplýsingar eru gefnar í síma 456 3623

Til sölu eða leigu **3ja herbergja íbúð** í Stórholti. Laus! Upplýsingar í síma 456 4727

Til sölu er **eignarhluti í íbúð** á mjög góðum stað í Reykjavík. Upplýsingar í síma 456 3381

Ísfólkið! Áhugafólk um körfubolta sem vill ganga til liðs við Ísfólkið, stuðningsmannaklúbb KFI, er beðið um að skrá sig hjá Eygló í síma 456 3776 eða Betu í síma 456 5244

Holtsprestakall! Barna-guðsþjónusta í Flateyrar-kirkju sunnudaginn 12. okt. kl. 11:15. Nýtt fræðsluefni. Afmælisbörn frá 18. júní til 12. október fá glaðning. Bætur, söngvar, sögur. Sr. Gunnar Björnsson.

Bolvíkingar! Söngfjlagið úr Neðsta heldur tónleika í safnaðarheimilinu í Bolungarvík kl. 17:00 á laugardaginn. A efnisskránni verður blanda af erlendum og íslenskum lögum sem jafnframt verða flutt í tónleikaferð hópsins til Hollands og Belgíu á næstunni.

Bolvíkingar! Munið Brimbjótinn, haustskemmtun Bolvíkingafélagsins í Reykjavík sem haldin verður laugardaginn 18. október. Nefndin.

Félagsvist verður haldin á sal Grunnskólans á Ísafirði annað kvöld kl. 20:00. Vegleg verðlaun, veitingar innifaldar. Fjórðflunar-nefnd 9. bekkjar.

Óska eftir ruggustól, ódyrt eða gefins. Má vera gamall. Upplýsingar í síma 456 4004, Íris.

Negld jeppadekk! Til sölu eru mjög lítið notuð Hankook vetrardeck á 5 gata krómfelgum. Stærð LT 235/75 R15 undan Bronco. Upplýsingar í síma 456 4305

Til sölu **Jeep Wagoner '89**, ekin 130.000 km. Verð kr. 520 þúsund. Upplýsingar í síma 456 5320, Schally.

Til sölu Chevrolet Monza '87, ný vél, selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 5306, eftir kl. 18.



Til sölu er einbýlishúsið að **Móholti 9, Ísafirði**, sem er 160m² auk 50m² bílskúrs. Skipti möguleg á ódyrara. Upplýsingar í síma 456 3629.

Allir nýjstu geisladiskarnir Björk, Megaslög, Mono, Sarah MacLachlan, Sweet 75, Slade, Alkaholics, Lori Carson, Forest For The Trees, PPönk, Mommyheads, Verve.

Gítarstrengir, bassastrengir, trommukjuddar, snúrur og hljóðfæri.

Leigum út aðstöðu til að klippa og hljóðsetja video.

Sony 29" Nicam stereo sjónvarp Aðeins 99.900 stgr.-

Panasonic NV-HD620 Hi-Fi Stereo Aðeins 59.900 stgr.-

Erum-Mynd

Sólgata 11 • 400 Ísafirði Sími 456 5091

TILBOÐ

Gervihnattadiskur með móttakara, afruglara og LNB aðeins 79.900,- stgr

ÚTSALA

Celine Dion 999,- Live 1.499,-, OP8 1.499- Tom Waits 999,- ofl.

Erum með nýju línuna frá Aiwa, ótrúlegt verð!



Söngfjlagið úr Neðsta kemur fram á Kaldalóns-tónleikum á menningarvikunni „Veturnætur.“

Lista- og menningarvikan Veturnætur

Kaldalónstónleikar, sláturveisla og málping um framtíð Vestfjarða

Undirbúningur vegna lista- og menningarvikunnar „Veturnætur“, sem haldin verður á Ísafirði dagana 24. október til 2. nóvember, hefur staðið yfir að undanförmu. Finnur Magnússon, sem er í undirbúningshópnum ásamt Kristjáni Frey Halldórssyni og Guðrúnu Jónsdóttur, sagði í samtali við blaðið að dagskráin væri nú farin að taka á sig endanlega mynd.

„Dagskráin hefst föstudaginn 24. október og þá er meiningin að fara í blysför og jafnvel að kertum verði fleytt á Pollinum. Á Silfurtorgi á svo að halda uppi karnivalstemmningu. Daginn eftir verður opnuð þemavika hand-

verksfólks í Rammagerð Ísafjarðar og um kvöldið verður kabarett á Hótel Ísafirði, þar sem flutt verður tónlist og leikþáttur fyrir matargesti. Sunnudaginn 26. október verða tónleikar og upplestur, þar sem kvartettinn Vestan fjórir frá Flateyri, mun að öllum líkindum koma fram ásamt Leikfélagi Flateyrar.

Á mánudeginum og þriðjudeginum verður boðið upp á ýmislegt, svo sem málverkasýningu í Slunkaríki og sýningar og námskeið í Edinborgarhúsinu. Miðvikudaginn 29. október mun Edda Erlendsdóttir píanóleikari leika á tónleikum í Frímúrarasalnum á Ísafirði og þann dag hefst

einnig málping þar sem umræðuefnið verður framtíðarsýn Vestfjarða. Á fimmtudeginum verður efnt til sláturveislu á sögukvöldi í Tjöruhúsinu, en þar verður rakin saga sláturgerðar í anda Sumarkvöldu í Neðstakaupstað. Föstudaginn 31. október verða Kaldalóns-tónleikar í Ísafjarðarkirkju þar sem áætlað er að fram komi: Sunnkórinn, Karlakórinn Ernir, Söngfjlagið úr Neðsta og Guðrún Jónsdóttir. Eins og yfirskrift tónleikanna ber með sér þá verða þarna flutt lög eftir Sigvalda Kaldalóns.

Laugardagskvöldið 1. nóvember verður efnt til villibráðakvöldu á Hótel Ísafirði

og á sunnudeginum verður síðan lokapunktur menningarvikunnar, en við eigum eftir að ganga frá dagskrá þessa dags,“ sagði Finnur Magnússon.

Það er áhugafólk um aukna fjölbreytni dægradvalar á Ísafirði og nágrenni, sem stendur að menningarvikunni og segir Finnur að tilgangurinn sé að koma af stað viðburðaröð að hausti sem verði vonandi árlegur viðburður í framtíðinni. „Skíðavika er haldin að vetri og Ísafjarðarhátíðin að sumri og við vildum sjá eitthvað sambærilegt að hausti. Veturnætur eru ákveðin viðleitni til þess,“ sagði Finnur að lokum.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Eftirtaldir eignir eru einungis sýnishorn úr sölu-skrá okkar, leytið nánari upplýsinga á skrifstofu.

ÍSAFJÖRÐUR:

- Aðalstræti 13:** Efrri hæð í tvíbýlishúsi ásamt hálfum kjallara og tvöföldum bílskúr. Laust fljótlega. Verð: 6.300.000,-
- Pólgata 6:** 3ja herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.900.000,-
- Kirkjubær:** 100m² einbýlishús á tveimur hæðum. Laust.
- Stórholt 13:** 4ra herb. íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. Skipti á ódyrari eign eða jafnvel bíl koma til greina. Íbúðin er laus. Verð kr. 7.800.000
- Stakkanes 6:** Rúmlega 140m² raðhús ásamt bílskúr og sólstofu. Verð 11.500.000,-
- Strandgata 5:** Hnífsdal, 2ja herb. íbúð 65 m² á 2. hæð í sambýlishúsi. Íbúðin er laus. Verð kr. 2.000.000
- Mánagata 6:** Efrri hæð 155m² 5-6 herbergja. Laus fljótlega. Verð: 6.300.000,-
- Silfurgata 11:** 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Verð: 4.000.000,-
- Stórholt 11:** 3ja herbergja íbúð á 3. hæð fyrir miðju. Laus. Verð 4.300.000,-
- Strandgata 7:** Þetta hús er nú til sölu á aðeins kr. 6.500.000,-
- Pólgata 4:** 5 herbergja íbúð á 3. hæð. Verð: 3.600.000,-
- Urðarvegur 60:** Glæsilegt raðhús, alls rúmlega 200m², ásamt bílskúr. Skipti á minni eign á eyrinni koma til greina. Tilboð óskast.



Miðtún 31: 190 m² endaraðhús á 2 hæðum. Tilboð óskast. Eign þessi selst nú á útborgun.



Völusteinsstræti 4: Einbýlishús, 2x130m². Húsið er autt. Verð kr. 7.200.000,- Góð greiðslukjör.

BOLUNGARVÍK:

- Höfðastigur 6:** U.þ.b. 80m² kjallaraíbúð. Íbúðin er laus. Verð: 1.200.000,-
- Völusteinsstræti 3:** Einbýlishús ásamt bílskúr.
- Kirkjuvegur 2:** 214m² glæsilegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Laust samkvæmt samkomulagi.
- Traðarland 10:** Einbýlishús ásamt bílskúr. Verð: 7.200.000,-
- Skólastigur 21:** 3ja herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin er mjög falleg og er autt. Verð kr. 3.700.000,-
- Stígahlíð 2 og 4:** 2ja og 3ja herbergja íbúðir. Verð: 1.500.000,- til 3.000.000,-
- Völusteinsstræti 28:** 150m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Nýuppgerft að utan. Verð: 7.000.000,-
- Hafnargata 46:** Allt húsið. Selst ódyrt.
- Traðarland 24:** 200m² einbýlishús í lélegu ástandi. Selst ódyrt á góðum kjörum.
- Vitastigur 11:** Neðri hæð. 82m² 3ja herbergja íbúð. Tilboð óskast.
- Vitastigur 21:** 3ja herbergja íbúð á efri hæð. Laus eftir samkomulagi. Verð: 2.600.000,-
- SUÐUREYRI:**
- Túngata 12:** 130 - 140m² einbýlishús ásamt litlum bílskúr.
- Aðalgata 9:** U.þ.b. 90m² einbýlishús.
- FLATEYRI:**
- Bárugata 3:** 2x60m² einbýlishús ásamt garðhúsi og stórum bílskúr. Afarfallleg eign.
- ÞINGEYRI:**
- Fjarðargata 6:** Einbýlishús á 2 hæðum. Húsið er illa farið og selst ódyrt.
- Vallargata 6:** 98,6m² raðhús á einni hæð. Verð 2.600.000,-
- PATREKSFJÖRÐUR:**
- Strandgata 11A:** Einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Húsið er illa farið að innan en er nýklætt að utan. Verð: 2.600.000,-



Lið KFÍ var dyggilega stutt af 900 áhorfendum.

DHL deildin í Körfubolta

KFÍ beið lægri hlut fyrir Grindavík

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar lék annan leik sinn í DHL deildinni á þessari leiktíð á sunnudaginn í íþróttahúsinu á Torfnesi. Það voru Grindvíkingar sem sóttu KFÍ heim og höfðu sigur 102-87, í frekar ójöfnum leik.

Grindvíkingar byrjuðu leikinn mun betur og var Bandaríkjamaðurinn Darryl Johnson allt í öllu hjá liðinu, bæði í vörn og sókn. Það var nánast sama hvaðan af vellið Johnson skaut, undantekningarlítið endaði boltinn í körfunni. Þegar upp var staðið hafði Johnson skorað tæplega helming stiga Grindavíkurlíðsins, eða 49 stig.

KFÍ var töluverðan tíma að taka við sér, en í stöðunni 18-30 náði liðið að hressa upp á vörnina og jafnaði í kjölfarið 44-44. Staðan í hálfleik var 53-58, en í seinni hálfleik sigu Grind-

víkingar hægt og sígandi framúr og lyktaði leiknum eins og áður sagði 102-87. Í liði KFÍ lék David Bevis best og Spánverjinn Marcos Sala var einnig sterkur. Ólafur Ormsson lék vel en hann meiddist í fyrri hálfleik og lék þar af leiðandi minna en venjulega það sem eftir var leiksins.

David Bevis var stigahæstur Ísfríðinga með 35 stig, Marcos Sala skoraði 16, Friðrik Stefánsson skoraði 13 og Ólafur Ormsson 12.

Af 14 vítaskotum KFÍ fóru 11 í körfuna, en af 10 þriggja stiga skotum rötudu 4 rétta leið. Grindvíkingar hittu hinsvegar í 17 af 22 tilraunum til þriggja stiga skota.

Áhorfendur voru um 900 talsins og studdu sína menn dyggilega.



Darryl Johnson, í liði Grindavíkur, skoraði 49 stig í leiknum.



Það var barist hart í leiknum og hér má sjá þá Friðrik Stefánsson og Darryl Johnson kljást um boltann.



ERTU Á LEIÐ TIL REYKJAVÍKUR?

SÉRTILBOÐ Í OKTÓBER

GISTING & BÍLALEIGUBÍLL

KR. 3,450 Á DAG

PR. MANN Í TVÍBÝLI.
INNIF: GISTING, MORGUNMATUR,
100 KM, TRYGGING OG VEK.

ÞÁÐ HONGAR SIG BYRIR ÞIG AÐ KYNNNA
ÞÉR LYKILHÓTEL CABIN, NÝTT HÓTEL
KIBSVAÐIS Í HONGINNI, SEM BYÐUR ÞÉR
ÓBÝRA OG GÓÐA GISTINGU.







LYKILHÓTEL

CABIN Budget Car Rental

BORGANTÚNI 32 105 REYKJAVÍK Sími 511 6030 FAX 511 6031

Höggvið á hnútinn!

Fyrir nokkrum árum samþykkti Alþingi Íslendinga lög þess efnis að allir grunnskólar á Íslandi skuli verða einsetnir, ekki seinna en árið 2003.

Á þeim tíma var fjármálaráðherra íslenska ríkisins að glíma við erfiðan fjárlagahalla. Starfsmenn þess ráðuneytis sáu fram á mikinn kostnaðarauka sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja einsetningunni. Hraus þeim að vonum hugur við.

Þá fékk einhver þá eitrusnjöllu hugmynd að kominn væri tíminn til að losa ríkið við þungan bagga, sem eru launagreiðslur kennara og velta þeim bagga yfir á sveitarfélögin.

Fjölmiðlar töluðu við marga um þessa hugmynd og spurðu álitis á henni. Svörin voru margvísleg. Flestir voru þó efnis um að þetta væri rétt aðgerð.

Kokhreysti

Einn sveitarstjórnamaður á suðvesturhorni landsins var þó býsna kokhraustur. Hann sagði að þessi flutningur væri hið besta mál. Hann gæfi sveitarstjórnamönnum kærkomið tækifæri til að sjá til þess að „þetta lið“ (kennarnir) færi að vinna fyrir kaupinu sínu.

Satt að segja hélt ég þá að þetta viðhorf, svona uppfyllt af hroka, fáfræði og fordóm-

um um starf heillar stéttar, væri sérkenni þessa eina, þáverandi sveitarstjórnamanns. En afturganga þessa viðhorfs hefur birst landsmönnum í hvert sinn sem formaður samninganefndar sveitarfélaganna hefur opnað munn í návist fjölmiðla. Hann hefur m.a. sagt að færa þurfi meira af vinnu kennara inn fyrir veggi skólanna til að gera vinnuframlag kennaranna sýnilegra.

Ég get ekki séð hvern fjandann sveitarstjórnamenn varðar um hvar kennarar eru staddir þegar þeir vinna undirbúningsvinnuna sína. Aðalatriðið er að sú vinna sé unnin svo að kennarar skili sínu starfi í kennslustundum. Það er í verkahring skólastjóra en ekki sveitarstjóra að fylgjast með að það sé gert.

Gefast upp

Ég veit að til er fólk sem hefur álpast út í að starfa við kennslu í þeirri trú að þar bjóðist fljótteknir peningar fyrir litla vinnu. Þetta fólk hefur rekið sig heldur harkalega á. Sá sem starfar við kennslu og vinnur ekki undirbúningsvinnuna sína gefst einfaldlega upp. Sá þrjóskasti af þessari manngerð sem ég hef frétt af hélt út í tvo vetur. Sumir gefast upp áður en fyrsta vetri lýkur.

Einsetning - tvísetning

Um það er víða rætt að einsetning grunnskólanna eigi að bæta skólastarfið því þá hafi kennarar rýmri tíma og dagurinn nýttist börnunum betur. Auðvitað er það gott og blessað. En einhverjir verða þá að hafa ráð á að starfa við þessa skóla. Kennarar í fullu starfi gátu unnið fyrir sér í tvísetna skólanum með því að hafa umsjón með tveim bekkjardeildum og kenna 45-50 kennslustundir í hverri viku. Ein af afleiðingum einsetningarinnar verður sú að umsjón með bekk verður ekki fullt starf. Af því leiðir að aðeins þeir kennarar sem eiga maka sem vinnur fyrir alvöru kaupni hafi efni á að stunda kennslu.

Ég óttast

Ég óttast að framundan sé verkfall kennara.

Heimskulegar og hrokafullar yfirlýsingar formanns samninganefndar hafa þjappað kennurum saman í þeim ásetningu að knýja fram raunverulegar kjarabætur.

Það getur vel verið að það sem kennurum er boðið sé fjandans nóg handa okkur sem við þetta höfum starfað. Það er bara ekki aðalatriði málsins. Stóra spurningin er hvað almenningur í landinu sé tilbúinn að leggja af mörkum

til að eðlilegt skólastarf fyrirfinnst yfirleitt í þessu landi.

Ég óttast að þeir kennarar, vítt og breitt um landið, sem sagt hafa upp störfum sínum leiti í önnur störf og skili sér aldrei frammar til kennslu.

Ég óttast, ef verkfall skellur á, að það verði langt, standi jafnvel til vors.

Ég óttast að ef ekki nást samningar sem kennurum þykja ásættanlegir verði grunnskólastarf um allt land gersamlega í rúst næsta vetur, jafnvel lengur.

Sækjum fram!

Vestfirðir hafa átt nokkuð undir högg að sækja í skólamálu. Ef vilji væri fyrir hendi er lag núna til að bæta úr skák.

Sveitarstjórnamenn á Vestfjörðum eiga að slíta samstarfi við liðið fyrir sunnan og semja við kennara í heimabyggð, helst ekki seinna en strax.

Á Vestfjörðum er minna atvinnuleysi en í öðrum landshlutum. Þar eru tekjur líka vel yfir landsmeðaltali. Þess vegna ættu Vestfirðir að vera betur í stakk búnir en flest önnur umdæmi að semja ásættanlega við kennara og hefja með því kraftmikla sókn til betri menntunar og öflugra mannlífs á Vestfjörðum.

Gústaf Óskarsson, kennari á Flateyri.

ISLANDSBANKI

KÉÍ ÍR

Eggjabikarinn

Föstudaginn 10. október kl. 20:00 í íþróttahúsinu á Torfnesi

Þinn stuðningur skiptir máli

ICELANDIAHOTES
NORÐLJÓSLAND
ALP BLEIÐA





Útvegsmannafélag Vestfjarða

Aðalfundur Útvegsmannafélags Vestfjarða verður haldinn mánudaginn 13. október kl. 14:00 í sal Vinnuveitendafélags Vestfjarða við Ámagötu.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kosning fulltrúa á aðalfund L.Í.Ú. sem verður 30. og 31. október nk.

Gestur fundarins verður Kristján Ragnarsson, formaður L.Í.Ú.

Stjórnin.

Helgardagskráin

Helgarveðrið

Helgarsportíð





FIMMTUDAGUR

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00 Lögreglustjórnin (3:7) (E)
13.55 Stræti stórborgar(3:22) (E)
14.40 Sjónvarpsmarkaðurinn
15.05 Oprah Winfrey (E)
16.00 Ævintýri hvíta úlfs
16.25 Steinþursar
16.50 Með afa
17.40 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
19.00 19 > 20
20.00 Ljósbrót (1:32)
20.35 Systurnar (1:28)
21.30 Morðsaga (1:18)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Stræti stórborgar (4:22)
23.35 Gildran (E)
Trapped In Space
Myndin fjallar um sjö manna áhöfn geimskipsins Venture sem rekst á smástirni og verður fyrir miklum skemmdum. 1993. Stranglega bönnuð börnum

01.00 Dagskrárlök

FÖSTUDAGUR

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.00 Mistækir mannræningjar (E)
14.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
15.00 99 á móti 1 (2:8) (E)
16.00 Heljarslóð
16.25 Steinþursar
16.50 Magðalena

17.15 Glæstar vonir
17.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Íslenski listinn
19.00 19 > 20
20.00 Lois og Clark (6:23)
20.55 Lífsauki af himnum
Angels in the Outfield
Þriggja stjórna gamanmynd um strákinn Roger sem býr hjá fósturforeldrum sínum.
22.40 Launmorðingjar
Assassins
Spennutryllir með Sylvester Stallone, Antonio Banderas og Julianne Moore.1995. Stranglega bönnuð börnum

00.50 Mistækir mannræningjar (E)
Ruthless People
Sjá umfjöllun að ofan.
02.25 Dagskrárlök

LAUGARDAGUR

09.00 Með afa
09.50 Bibí og félagar
10.45 Geimævintýri
11.10 Andinn í flöskunni
11.35 Týnda borgin
12.00 Beint í mark með VISA
12.25 NBA molar
12.50 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.10 Lois og Clark (13:22) (E)
13.55 16 liða úrslit fyrirtækjabikar Korfuknattleikssambands Íslands
Bein útsending frá völdum leik í kórffuboltanum.
15.40 Ástríkur
17.00 Oprah Winfrey
17.45 Glæstar vonir
18.05 Undralandið (E) (2:3)
Russian Wonderland
19.00 19 > 20
20.00 Friends (8:27)
20.35 Fóstbræður (2:8)
21.10 Angus
Glettin bíómynd um hinn þéttvaxna Angus sem er yngstur í litríki og fremur óhefðbundinni fjölskyldu.
22.45 Árásin á lögreglustöðina
Assault on Precinct 13
Hörkupennandi bíómynd frá leikstjóranum John Carpenter. Ungur

lögreglumaður er gerður að yfirmanni á lögreglustöð í vafasömu hverfi Los Angeles borgar þar sem hættuleg glæpagengi og strokufangar ráða ríkjum. Bönnuð börnum

00.20 Í grunnri gróf (E)
Shallow Grave
Skoskur spennutryllir um Alex, David og Juliet sem deila saman íbúð í Edinborg. 1994. Stranglega bönnuð börnum.

01.50 Dagskrárlök

SUNNUDAGUR

09.00 Sesam opnist þú
09.30 Eðlufrálin
09.45 Disneyrímur
10.05 Stormsveipur
10.30 Aftur til framtíðar
10.55 Úrvalsdeildin
11.20 Ævintýralandið
11.45 Madison (3:39) (E)
12.10 Íslenski listinn (E)
13.00 Íþróttir á sunnudegi
15.30 Fimmtíu ár í Cannes (E)
16.30 Sjónvarpsmarkaðurinn
16.50 Húsið á sléttunni (18:22)
17.35 Glæstar vonir
18.00 Listamanskálinn (E)
South Bank Show
19.00 19 > 20
20.00 Seinfeld (3:24)
20.30 Skáldatími (3:12)
Farið verður í heimsókn til Friðu Á. Sigurðardóttur rithöfundar og við kynnumst verkum hennar og viðhorfum.
21.00 Jarðarber og súkkulaði
Fresa y Chocolate
Kúbversk úrvalsmynd sem hlaut tilnefningu til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin árið 1995.
22.50 Undralandið (3:3)
Russian Wonderland
23.40 Út á þekju (E)
Clean Slate
Gamanmynd um einkaspæjarann Maurice Pogue sem á við sérstakt vandamál að stríða.
01.25 Dagskrárlök

FIMMTUDAGUR

10.30 Alþingi
16.45 Leiðarljós (742)
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
Endursýndur þáttur frá sunnudegi.
18.30 Undrabarnið Alex (37:39)
The Secret World of Alex Mack
Myndaflokkur um 13 ára stúlku sem býr yfir undraverðum hæfileikum.
19.00 Úr ríki náttúrunnar
19.30 Íþróttir 1/2 8
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Dagljós
21.05 Saga Norðurlanda (3:10)
Nordens historia
Tvö veldi verða fimm þjóðríki
21.35 ...þetta helst
Spurningaleikur með hlöðsón af atburðum líðandi stundar.
22.05 Ráðgátur (3:17)
The X-Files
Atriði í þættinum kunna að vekja óhug barna.
23.00 Ellefufréttir
23.15 Króm
23.35 Dagskrárlök

FÖSTUDAGUR

16.45 Leiðarljós (743)
Guiding Light
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími

17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Árstíðirnar í Berjagerði (4:4)
Brumbly Hedges
18.30 Fjór á fjölbraut (34:39)
Ástralskur myndaflokkur sem gerist meðal unglinga í framhaldsskóla.
19.30 Íþróttir 1/2 8
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Dagljós
21.10 Glæpahringur (4:9)
E-Z Streets
22.05 Blessuð tryggingin
The Blessed Assurance
23.40 Hvíti salurinn
The White Room II - 2
Breskur tónlistarþáttur með Oasis, Definition of Sound, Smashing Pumpkins, Lush, og Joan Osborne ásamt Pretenders.
00.30 Ráðgátur (3:17)
The X-Files
00.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

LAUGARDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 Viðskiptahornið
10.40 Þingsjá
11.10 Hlé
11.50 Formúla 1
15.30 Heimssigling (2:5)
16.00 Landsleikur í fótbolta
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Dýrin hans Hensons (4:39)
18.20 Fimm frækin (4:13)
18.50 Hvuttí (5:17)
19.20 Króm
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Lottó
20.45 Stöðvarvik
Spaugstofumennirnir Karl Ágúst, Pálmi, Randver, Sigurður og Örn eru aftur komnir á kreik og skemmta landsmönnum eins og þeim einum er lagið.
21.15 Blikur á lofti
Heavy Weather
Bresk gamanmynd frá 1995 gerð eftir sögu P.G. Wodehouse um ástir,

UM HELGINA



Bubbi

Miðnæturtonleikar laugardagskvöld
Hefjast stundvíslega kl. 23:00 • 18 ár

Diskótek

Föstudagskvöld til kl. 03:00 • 18 ár




Nýtt símanúmer
755 6767
Gamla númerið gildir áfram

Munið heimsendingarþjónustuna

ÍSÁFJARÐARBÍÓ



Face off
Fimmtudag kl. 21:00
Síðasta sýning



Bulletproof
Sunnudag kl. 21:00
Mánudag kl. 21:00

Ert þú að leita að spennumúsíkansögugamandramahryllingsfræðsluævintýravísandabarnateiknimynd?



Opnunartími í Vídeóhöllinni

Frá kl. 16:00 til kl. 19:00
og frá kl. 20:00 til kl. 23:30
alla daga

Verð á myndböndum:
Nýjar myndir kr. 400,- (ein eldri frí með)
Eldri myndir kr. 200,- (yfir 3500 myndir)
Teiknimyndir kr. 100,-

Mikið úrval af myndum
og góð þjónusta!

Vandaðu til verks...
... verslaðu í
Vídeóhöllinni

Vídeó Höllin
- við Norðurveg
456 4853

leynimakk og raunir jarlsins af Emsworth og fjölskyldu hans í Blandings-höll.
22.50 Heitt í kolunum
Jungle Fever
01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
11.00 Markaregn
12.00 Formúla 1
Kappaksturinn í Japan.
14.00 Vanessa-Mae á tónleikum
Undrabarnið Vanessa-Mae, sextán ára fiólusnillingur, leikur tónlist úr ýmsum áttum á tónleikum í Albert Hall í London.
Þýðandi: Yrr Bertelsdóttir.
15.00 Þrjú-bíó
16.55 Varastu vininn
Ný íslensk heimildarmynd um ástandið í Bosnía eftir stríð.
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Hvað er í matinu?
18.40 Brúðkaupið
19.00 Í blíðu og stríðu (9:13)
Wind at My Back II
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Sunnudagsleikhúsið
Hnefinn
Ungur maður lendir á skrafi við gamlan hnefaleikakappa á kaffihúsi og sá gamli reynist eiga fovitnilega fortíð.
20.55 Friðlýst svæði og náttúru minjar
Vatnsfjörður
21.10 Sveiflukvintett Levinsons og Schevings
21.55 Hjelgarsportíð
22.15 Okannað land
Þýsk bíómynd frá 1986 byggð á leikriti eftir Arthur Schnitzler. Sagan gerist í Vína borg um síðustu aldamót og segir frá fjöru ástalfi auðugs iðnrekanda og konu hans og því hugarangri sem það veldur þeim.
23.55 Markaregn
Endurtekinn þáttur
00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlök



TV-SPORT



Laugardagur 11. október kl. 18:40
Ítalía - England
Mánudagur 13. október kl. 16:55
Køge - Ølstykke
Þriðjudagur 14. október kl. 16:50
FC København - Silkeborg

TV 3 - DANMÖRK

Laugardagur 11. október kl. 17:30
Danmörk - Grikkland

TV2 - NOREGUR

Laugardagur 11. október kl. 19:40
Ítalía - England

TV 1000

Laugardagur 11. október kl. 12:45
Svíþjóð - Eistland
Laugardagur 11. október kl. 19:30
Hnefaleikar
Ole Klemetsen gegn Crawford Asley
Léttþungavigt
Lennox Lewis gegn Andrew Golota
Pungavigt
Steece Collins gegn Joe Celzaghe
Fjaðurviggt



Horfur á fimmtudag:
Norðaustan kaldi eða stinningskaldi og víða rigning á norðan- og austanverðu landinu, en þurrt suðvestan til. Hiti 3 til 9 stig, hlýjast sunnanlands.

Horfur á föstudag:
Norðaustan gola eða kaldi og slydduél norðaustan- og austanlands en bjart veður sunnan- og vestanlands. Heldur kólnandi veður.

Á laugardag: Fremur hæg breytileg átt og sums staðar smáskúrir eða slydduél.

Á sunnudag og mánudag lítur út fyrir suðlæga átt og rigningu, einkum sunnan- og vestanlands. Hlýnandi veður.



VAGNINN

Athugið að allir þeir leikir sem eru tilgreindir hér til hliðar er hægt að sjá í beinni hjá okkur.

Bjódum uppá skyndi-bitarétti á meðan á útsendingu stendur.

Minum á „Októberfest '97“ í mat og drykk

Konsert með Bubba Morthens föstudagskvöld frá kl. 21:00



VAGNINN

FLATEYRI

<http://www.snerpa.is/vagninn>

Eva María & Gulli

"Live" hljóðritun

Þú nýtur þess með þeim - í einrúmi...

905-2122





Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk



Lúlli löggubangsi heimsækir 6 ára börn

Á hverju hausti gefa slysavarnakonur á Ísafirði börnum, sem eru að hefja skólagöngu, endurskinsborða og var myndin tekin við það tækifæri í Grunnskóla Ísafjarðar á fimmtudaginn. Lögreglan kom einnig í heimsókn og fengu börnin fræðslu um hvernig þau eiga að haga sér í umferðinni, en

þau eiga að sjálfsgöðu öll að bera endurskinsmerki og reiðhjólahljálma þegar þau hjóla. Lúlli löggubangsi var í för með lögreglunni og fengu börnin að heyra dæmisögu úr umferðinni, þar sem hann var í aðalhlutverki.



Ísafjarðarhöfn

Fjöldi skipa leitaði vars vegna brælu

Nú er sá árstími þegar haustbrælu fara að setja strik í reikninginn í útgerð skipa. Á mánudaginn var Ísafjarðarhöfn þéttskipuð bátum og skipum af ýmsum stærðum og gerðum sem leituðu vars undan hvassri norðaustan-áttinni.

Að sögn Hermanns Skúlasonar hafnarstjóra, voru átján skip og bátar af stærri gerðinni í höfn á Ísafirði þegar mest var. Þar á meðal voru Bessi ÍS sem kom inn til löndunar með 150 tonn af Flæmska hattin-

um, Sléttanes sem landaði 190 tonnum og Framnes sem landaði 65 tonnum. Skutull ÍS kom inn vegna brælu og tók olíu, en skipið fékk aflu að verðmæti sjö milljónir króna á stuttum tíma á Dornbanka.

Mikill þorskur virðist vera á Halanum þessa dagana og fékk t.d. togari Útgerðafélags Dalvíkinga, Björgúlfur, 50 tonn þar á nítján klukkustundum í síðustu viku. Skipið landaði 82 tonnum á Ísafirði á sunnudaginn.

Framkvæmdir við nýjan miðbæ

Akstursleiðin um Silfurtorg fullbúin í vikulok

Framkvæmdir við Silfurtorg á Ísafirði hafa gengið vel og fer nú að nálgast verklok. Að sögn Elíasar Skaftasonar hjá verktakanum, Garðamúr ehf., hafa 6-8 manns unnið að verkinu, en því ber að skila fullunnu 1. nóvember. Elías reiknar með að akstursleiðin um torgið verði fullbúin í lok vikunnar og að umferð ökutækja verði væntanlega hleypt á eftir næstu helgi. Ýmis frágangsvinna er þó eftir, m.a. hleðsla grjóttveggs gengt Blómabúð Ísafjarðar, en Elías segir að verkinu verði skilað á tilskildum tíma og e.t.v. fyrir.

Að sögn Kristjáns Þórs Júlíussonar, bæjarstjóra Ísa-



Silfurtorgið hefur tekið algjörum stakkaskiptum, eins og sjá má á myndinni.

fjarðarbæjar, hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort haldin verður vígsluhátíð þegar torgið verður formlega tekið í notkun, en honum finnst það vel koma til greina.

Hann segir jafnframt að framkvæmdir við 3. áfanga nýs miðbæjar séu óákveðnar, en þau mál skýrist við gerð fjárhagsáætlunar sem nú er að hefjast.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000

Ísafjörður Reykjavík
kr. 3.565,-

Ísafjörður Reykjavík
Ísafjörður
kr. 7.130,-

Önnur áhugamál!
til hvers?





Las Vegas

29. nóvember til 4. desember



Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskritstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390



SIEMENS TILBOÐ

PÓLLINN HF.

Sími 456 3092 • Verslun 456 4594

ÞVOTTAVÉLAR

Verð frá **kr. 49.900,-**

PURRKARAR

Verð frá **kr. 29.900,-**

UPPÞVOTTAVÉLAR

Verð frá **kr. 59.800,-**

TILBOÐ

WHIRLPOOL FRYSTIKISTUR

138 ltr. 29.925,- stgr. 265 ltr. 36.985,- stgr.
325 ltr. 39.900,- stgr. 408 ltr. 46.455,- stgr.